

VALGEIR SIGURÐSSON

Festi kaup á niður-níddu rafmagnspíanói

• heimili

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



FASTEIGNIR

Fyrirtaks fasteign í nánd við alla þjónustu

Sérblað um fasteignir

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



FRÉTTABLAÐIÐ

13. október 2008 — 280. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI


Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Ánægður með útkomuna

Pavel Emil Smid samdi tónlistina við verðlaunamyndina Queen Raquela sem var frumsýnd hérlandis í vikunni.

TÍMAMÓT 16



Köntríföt fyrir milljónir

Birgir Nielsen og félagar í könnisveitinni Klaufum gerðu góða ferð til Nashville.

FÓLK 26

Auðun sá best í sumar


Miðvörður Framliðsins er leikmaður ársins í Landsbankadeild karla hjá Fréttablaðinu.

ÍPRÓTTIR 23



Bleika slaufan
-árveknisátak um brjóstakrabbamein
Sófnunarmarkmið 40.000 slaufur

VEÐRIÐ Í DAG



FREMUR PUNGBÚIÐ Í dag verða víða norðaustan 5-10 m/s. Dálítil rigning eða slydda í flestum landshlutum í fyrstu en styttr upp austan til þegar líður á daginn. Hitinn verður á bilinu 0-8 stig.

VEDUR 4

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24, alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

Umhverfi bankanna verður að gerbreyta

Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra kveðst sannfærður um að umhverfi fjármálafyrirækja í heiminum verði gerbreytt í kjölfar bankakreppunnar. Samið sé við Breta um Icesave-reikninga á sömu forsendum og við Hollendinga.

EFNAHAGSMÁL „Það er ég alveg sannfærður um,“ segir Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra aðspurður hvort mikilla breytinga sé að vænta á reglum um fjármálafyrirtæki eftir reynsluna af bankakreppunni.

„Ég held að öllu umhverfi fjármálafyrirtækja, bæði regluverki og öðru verði breytt gagnert út um allan hinn vestræna heim. Ef mannkynið hefur einhvern tíma safnað miklum reynslubanka þá er það núna. Þannig að þetta mun taka gagngerum breytingum,“ segir viðskiptaráðherra.

Að sögn Björgvins stefnir nú í að samið verði við Breta um Icesave-reikninga Landsbankans á sömu nótum og í samkomulaginu við Hollendinga um Icesave-reikninga þar í landi. „Það lítur út fyrir að það endi með sama hætti

og við Holland. Það er unnið á sömu forsendum,“ segir hann.

Í Hollandi ábyrgist íslenska ríkið 20.887 evra lágmarks-greiðslu á hverja innistæðu. Það eru rífleg þrjá milljónir króna.

Ábyrgð íslenska ríkisins á Icesave-reikningunum í Bretlandi er að sögn Björgvins um 400 milljarðar króna. Í Hollandi sé sú tala margfalt lægri. Eins og Geir Haarde forsætisráðherra segist Björgvin telja góðar líkur á að eignir Landsbankans muni að mestu nægja fyrir þessum greiðslum.

„Sérfræðingar sem eru að reikna þetta út fyrir okkur telja, þótt þeir gefi sér frekar dökkan horfur á uppgjöri, að það sé séu allar líkur á því að það standi eignir á bak við mikinn hluta af þessu. Þannig að þegar upp er staðið

vonum við að það sem fellur á okkur sé ekki mjög há upphæð,“ segir viðskiptaráðherra.

Fram kom hjá talsmanni breska fjármálaráðuneytisins á BBC í gær að andvirði eigna Landsbankans sem frýstar voru í síðustu viku nemi 4 milljörðum punda.

Eins og áður segir telur Björgvin mikilla breytinga að vænta á umhverfi fjármálafyrirækja. Bæði fjármálaeftirlitið á Íslandi og í Bretlandi höfðu um langt skeið reynt að fá Landsbankann til að færa Icesave-reikningana í Bretlandi í dótturfélag þar í landi. Landsbankinn hafi einfaldlega starfað eftir ákvæði EES-samingsins um frjálst flæði fjármagns. „Parna var náttúrulega varnagli sem menn sáu ekki almennilega fyrir,“ útskýrir viðskiptaráðherra.

gar@frettabladid.is

Tjónið í bankakerfinu:

Peningasjóðir enn í skoðun

VERDBRÉF „Það er mikill vilji til að fara í gegnum hvort það er hægt að takmarka tjónið með einhverjum eðlilegum og færum leiðum - ef þær finnast,“ segir Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra um yfirvofandi tjón þeirra sem eiga inneignir í peningamarkaðssjóðum viðskiptabankanna.

„Við forsætisráðherra settum það í sérstaka skoðun hvort hægt væri að finna leið til að takmarka tjón þeirra sem þar eiga fé. Það er verið að skoða allar leiðir en það er ekkert búið að klára í þessum töluðum orðum,“ segir Björgvin um framvindu málsins.

- gar



SVEINN M. SVEINSSON Hann fékk þakplötur sínar aftur á laugardaginn.

Vegfarandi í Hafnarfirði:

Fann stolnu þakplöturnar

LÖGREGLUMÁL Tvö tonn af þakplötum sem stolið var af félagssvæði Fáks í Almannadal á föstudagsnótt fundust á laugardagsmorgun. Maður sem las um þjófnæðinn í Fréttablaðinu gekk fram á plöturnar í nágrenni Reykjavíkurvegar og lét Svein M. Sveinsson, einn eigenda þakplatnanna umsvifa-laust vita.

„Ég fékk símtal um hádegi frá manni sem sagði mér hvar plöturnar væri að finna. Á meðan við stóðum í að flytja þær til baka kom þar bíll að, sem snarstoppaði og reykspólaði í burtu. Lögreglan er nú að rannsaka málið,“ segir Sveinn. „Við töpum engu nema flutningskostnaði, og svo ætlum við að splæsa út að borða á manninn sem fann plöturnar og blómvendi á Fréttablaðið,“ bætir hann við og skellir upp úr.

- kg

Aðgerðir fjármálaeftirlits:

Norðmenn taka Kaupþing yfir

VIÐSKIPTI Norsk stjórnvöld tilkynntu í gær að þau myndu yfirtaka rekstur dótturfyrirtækis Kaupþings í Noregi. Þetta er gert að tillögu norska fjármálaeftirlitsins.

„Ákvörðunin nær yfir bankaþjónustu og verðbréfavíðskipti Kaupþings í Noregi og yfir allar eignir og skuldbindingar í Noregi,“ sagði í tilkynningu frá norska fjármálaráðuneytinu.

Að því er Fréttablaðið kemst næst vinnur Kaupþing, undir handleiðslu skilanefndar bankans, að því að leysa ýmis mál félagsins í Noregi.

- kh



SAMRÆMDAR AÐGERÐIR EVRULANDA Leiðtogar þeirra Evrópuríkja sem nota evruna hittust á fundi í París í gær. Jean-Claude Trichet, bankastjóri seðlabanka Evrópu, Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar ESB, Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti og Jean-Claude Juncker forsætisráðherra Lúxemborgar kynntu niðurstöður fundarins í Elysee höllinni í París að honum loknum.

NORDICPHOTOS/AFP

Leiðtogafundur evruríkjanna fór fram í París í gær með þátttöku Gordons Brown:

Ætla að tryggja millibankalán

FRAKKLAND Leiðtogar evru-ríkjanna fimmtán hafa samþykkt samræmdar aðgerðir til þess að takast á við fjármálakreppuna.

Ríkin ætla meðal annars að tryggja millibankalán út árið 2009 og endurfjármagna fjármálastofnanir í vandræðum. Það verður mögulega gert með kaupum ríkjanna á stórum hluta hlutabréfa í þeim.

Þetta var ákveðið á neyðarfundi sem haldinn var í París í gær. Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, var viðstaddur fundinn að hluta, þrátt fyrir að

Bretar séu ekki meðal þeirra þjóða sem nota evru. Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti sagði eftir fundinn í gær að aðgerðirnar myndu endurreisa traust á milli banka. Ekki hefur verið greint frá því hversu miklum fjármunum verður varið í verkefnið, en Sarkozy sagði að það yrði ákveðið í hverju landi fyrir sig.

Jean-Claude Trichet, bankastjóri Seðlabanka Evrópu, fagnaði aðgerðunum í gær en varaði þó við því að bæði Seðlabankar og ríkisstjórnir þyrftu að grípa til enn frekari aðgerða.

- þeb

Bestu kaupin í dag

Kafbátur mánaðarins

6 tommu pizzabátur **329 kr.**

Gildir í okt. 08, gildir ekki með öðrum tilboðum.

SUBWAY

SPURNING DAGSINS



Ólafur, hvor er hættulegri Mathiesen eða Mathijsen?

Sá hollenski skoraði að minnsta kosti hjá Íslendingum. Ekki hinn.

Ólafur Jóhannesson er landsliðsþjálfari í knattspyrnu. Íslendingar töpuðu með tveimur mörkum gegn engu. Joris Mathijsen skoraði fyrra mark Hollendinga. Árni Mathiesen er hins vegar fjármálaráðherra og nágranni Ólafs.

Nýtt uppgjör Icelandair Group: Tekjur aukast um 68 prósent

VIÐSKIPTI Tekjur Icelandair Group á fyrstu átta mánuðum ársins eru 72 milljarðar króna, samkvæmt óendurskoðuðu milliuppgjöri. Aukning milli ára nemur 68 prósentum. Félagið sendi frá sér uppgjörð í gær og segir það gert í ljósi óvenjulegra aðstæðna á fjármálamörkuðum.

„Rekstur félaga innan Icelandair Group hefur gengið vel á þessu ári. Tekjur hafa aukist verulega og afkoma batnað þrátt fyrir erfiðar ytri aðstæður,“ er haft eftir Björgólfi Jóhannssyni, forstjóra félagsins, í tilkynningu.

- óká

Breska forsætisráðuneytið: Eignafrysting gildi aðeins um Landsbankann

VIÐSKIPTI Sendiherra Íslands í Bretlandi barst í gær bréf frá forsætisráðuneyti Gordons Brown, þar sem fram kemur að eignafrysting sem gerð er á grundvelli hryðjuverkalaga eigi eingöngu við um eignir Landsbankans en ekki eignir annarra Íslendinga í Bretlandi.

Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður Baugs, fékk sent afrit af bréfinu. „Þeir vildu að ég fengi afrit vegna þeirrar umræðu sem verið hefur í breskum fjölmiðlum. Þetta er ákveðinn léttir,“ segir Jón Ásgeir.

- kg

SLYS

Meiddist í álverinu

Starfsmaður álvers Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði var fluttur á Fjórðungs-sjúkrahúsið í Neskaupsstað í gær eftir vinnuslys. Maðurinn klemmdist þegar þungur biti seig ofan á hann. Hann reyndist ekki alvarlega slasaður.



www.ellingsen.is

DIDRIKSONS 1913
Grund Sund SWEDEN

Gæðafatnaður fyrir smáfólkið í miklu úrvali. Slitsterk og endingargóð föt.



Ellingsen
– fullt hús ævintýra

2 FRÉTTABLAÐIÐ 13. október 2008 MÁNUDAGUR

Samdráttar er þörf hjá SÁÁ vegna fjárhagsstöðu bakhjarla samtakanna: SÁÁ missir marga bakhjarla

HEILBRIGÐISMÁL „Ástandið hjá SÁÁ er mjög erfitt og reksturinn er þungur. Það er alveg ljóst að fyrirtæki sem eru hætt rekstri og hafa stutt við bakið á samtökunum munu ekki gera það áfram,“ segir Ari Matthíasson, framkvæmdastjóri SÁÁ. Efnahagsástandið gerir það að verkum að margir af helstu bakhjörllum samtakanna, sem skipta miklu máli fyrir reksturinn, hafa dregið stuðning sinn til baka að miklu eða öllu leyti. Um er að ræða fyrirtæki eins og Straum, Landsbankann, MS, Vífilfell, Baug Group, FL Group, Fons og fleiri.

Ari segir alveg ljóst að kreppa



PUNGUR REKSTUR Ari Matthíasson segir mikla aðsókn í meðferð vegna vímu-efnavanda þessa dagana. Rekstur SÁÁ eigi í miklum erfiðleikum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

muni að hjá SÁÁ. „Fjárhagsstaðan er tæp og það er ljóst að samdráttar er þörf. Þó er von um að heil-

brigðis- og velferðaryfirvöld komi að rekstrinum. Þessi yfirvöld hafa sýnt okkur mikinn skilning.“ Ari vildi ekki tjá sig um hvaða þættir starfsemi samtakanna yrðu fyrir samdrætti.

Spurður hvort misbrestur hefði orðið á því að sjúklingar fengju pláss í meðferð segir Ari ekki enn hafa borið á því. „Það er full starfsemi í gangi núna, en erfitt er að spá hvað síðar verður. Þessi sjúkdómur er eins og aðrir sjúkdómar. Ef fólk er lasið þá á það að fá að fara á spítala. En þegar margir koma í einu, eins og núna, er það erfiðara. Það er bara ákveðinn fjöldi af rúmum,“ segir Ari.

- kg

Krísunefnd aðstoðar þá sem missa starfið

Búist er við hrinu af uppsögnum á næstu vikum og að róðurinn þyngist strax um mánaðamótin. Krísunefnd á vinnumarkaði býr sig undir að hefja strax aðstoð við atvinnulausa. Lífeyrissjóðir skoða hvernig þeir geti hjálpað fólki.

VINNUMARKAÐUR Búist er við holskeflu af uppsögnum á vinnumarkaði á næstu dögum og vikum. Viðbrögð við atvinnuleysi eru til umfjöllunar. Formaður Starfsgreinasambandsins býst við að róðurinn taki að þyngjast um mánaðamótin og segir að verkalýðshreyfingin verði að vera til staðar fyrir fólk ef áföll hrúgast yfir. Aðgerðahópur á vinnumarkaði vill byrja strax við upphaf uppsagna að „áreita“ fólk og fá það til að gera eitthvað í sínum málum.

„Fjöldaatvinnuleysi er ekki farið að hrúgast yfir okkur en það má búast við að róðurinn taki að þyngjast um mánaðamótin þegar fyrirtækin standa frammi fyrir launagreiðslum ef aumt verður um peninga þá,“ segir Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambandsins.

Félagsráðuneytið er að byrja að skoða hvernig brugðist verði við. Kristján segir að verkalýðshreyfing og vinnuveitendur skoði hvernig hægt sé að aðstoða fólk þegar „áföllin dynja yfir okkur.“ Margar góðar hugmyndir hafi komið fram, meðal annars um að opna Keili á Keflavíkurflogvelli fyrir atvinnulausum sem þurfi að fara í uppbyggingarstarf. Tíminn sé notaður til að vinna úr þessum hugmyndum.

Kristján segir að búist sé við að það þurfi að „þjónusta og aðstoða fólkið“ ef fjöldaatvinnuleysi breiðist út. Verkalýðshreyfingin sé reynslunni ríkari eftir varnarliðs-áfallið í Keflavík. Sú reynsla verði notuð.

„Þar byrjuðum við strax við



VERKAMENN Búist er við að fjöldi fólks muni missa vinnuna næstu vikurnar. Krísunefnd á vinnumarkaði undirbýr aðstoð við atvinnulausa. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



ÞORBJÖRN GUÐMUNDSSON, framkvæmdastjóri Samiðnar.



KRISTJÁN GUNNARSSON, formaður Starfsgreinasambandsins.

upphaf uppsagna að vinna með fólki og biðum ekki eftir að uppsagnarfrestur væri liðinn. Við fórum strax að áreita fólk og hvetja það til að gera eitthvað í sínum málum. Það held ég að sé

mjög mikilvægt innlegg núna þegar róðurinn er að þyngjast. Við búumst við að það geti orðið á næstu dögum og vikum.“

Mikið hefur verið hringt í Samiðn út af uppsögnum á yfirvinnu en henni er hægt að segja sjálfstætt upp með tveggja vikna fyrirvara þó að starfsmönnum sé ekki sagt upp. „Menn eru að segja upp yfirvinnu og stytta vinnutímann sem kemur auðvitað beint við þyngjuna. Maður hálfkvíðir fyrir næstu mánaðamótum en það kemur í ljós hvað verður þegar liður á mánuðinn,“ segir Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samiðnar.

Lífeyrissjóðir skoða hvernig megi hjálpa fólki í vandræðum.

ghs@frettabladid.is

Philip Green: Bauð tíund

EFNAHAGSMÁL Tilboð Philips Green í skuldir Baugs liggur nú hjá skilaneftndum bankanna. Í kvöldfréttum Stöðvar 2 kom fram að Green hafi boðið íslenska ríkinu sem nemur tíu prósentum af heildarvirði skulda Baugs, og engar líkur séu á því að Green eignist Baug fyrir þær fjárhæðir.

Björgvin G. Sigurðsson fundaði með forsvarsmönnum Baugs og Philip Green á föstudag. „Þeir sögðu mér gróft frá sínum plönum og ég vísaði þeim á rétta aðila, sem eru skilaneftndir bankanna og fjármálaeftirlitið. Við stjórnmalámenirnir höfum enga aðkomu að því, enda væri óeðlilegt að við værum að taka slíkar ákvarðarnir.“

- kg

Áætlun um uppgjör Össurar: Hagnaður eykst um 480 prósent

VIÐSKIPTI Í áætlunum rekstrarniðurstöðum stoðtækjaframleiðandans Össurar hf. fyrir þriðja ársfjórðung kemur fram að tekjur aukist líkast til um 480 prósent milli ára, verði 12 milljónir Bandaríkjadala. Áætluð sala er 87 milljónir dala, sem er aukning upp á sex prósent frá sama tíma í fyrra.

Tölurnar voru birtar um helgina, en stjórn félagsins samþykkti birtinguna á stjórnarfund í föstudag, 10. október. „Þetta er gert í ljósi mjög óvenjulegra aðstæðna á fjármálamörkuðum og til þess að innherjar geti átt viðskipti,“ segir í tilkynningu félagsins.

- óká

Laun í uppsagnarfresti: Bankamenn fá sérmeðferð

EFNAHAGSMÁL Þeir sem missa vinnu sína vegna afleiðinga bankakreppunnar munu ekki njóta sérmeðferðar við greiðslu launa í uppsagnarfresti - nema þeir séu banka-starfsmenn.

Eins og kunnugt er samþykkti ríkisstjórnin að tryggja laun þeirra sem sagt er upp eða verður sagt upp hjá stóru bönkunum þremur í kjölfar aðkomu ríkisins.

„Við vorum bara að tryggja að fólk þyrfti ekki að ganga launalaust og sækja svo allt sitt í tryggingarsjóð einhvern tíma seinna,“ segir Björgvin G. Sigurðsson sem kveður þess ekki að vænta að aðrir sem missi vinnuna njóti slíkrar fyrirgreiðslu. Staðan í bönkunum sé alveg einstök því þar sé fólk að missa vinnuna eftir að ríkið fer inn í þá með neyðarlögum.

- gar



BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON

Fjármálaráðherra fundaði með fulltrúum IMF í gær: Nálgumst ákvörðun

EFNAHAGSMÁL „Við erum að nálgast þá stöðu að geta tekið ákvörðun um hvað menn vilja gera. Þetta er allt á mjög jákvæðum nótum og okkur er tekið mjög vinsamlega af öllum. Allir eru af vilja gerðir að upplýsa málin og undirbúa sig vel,“ segir Árni Mathiesen, fjármálaráðherra, sem fundaði með fulltrúum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í Washington í gær um hugsanlega umsókn Íslands um stuðning sjóðsins vegna efnahagskrísunnar.

Árni segir umræðurnar ekki komnar á það stig að verið sé að ræða skilyrði sjóðsins fyrir stuðningi. „Ég get ekki lagt mat á líkurnar á því að við leggjum inn umsókn til sjóðsins fyrr en um miðja næstu viku, þegar sérfræðinefnd sjóðsins á Íslandi hefur lokið vinnu sinni og skilað skýrslu.



ÁRNI MATHIESEN

Þá sjáum við betur hvaða möguleikar eru í stöðunni. Þetta hangir allt saman,“ segir Árni Mathiesen.

- kg

Aðstoðarmaður ráðherra: Verður ekki í stjórn Glitnis

VIÐSKIPTI Hætt hefur verið við að Jón Þór Sturluson, aðstoðarmaður Björgvins G. Sigurðssonar, verði í stjórn Nýja Glitnis og gegni þar formennsku. Margrét Þóra Hjaltsted verður formaður stjórnarinnar.

Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra segir að við nánari skoðun hafi ekki þótt heppilegt að Jón Þór settist í stjórn Nýja Glitnis. „Hann er að vinna með okkur í öllu þessu ferli og lykilmáður í því sem einn helsti efnahagsráðgjafi ríkisstjórnarinnar. Okkur fannst þetta því ómögulegt og hann var algjörlega sammála,“ segir Björgvin.

Sigríður Rafnar Pétursdóttir tekur sæti í stjórn Nýja Glitnis í stað Jóns Þórs. Stjórnin er til bráðabirgða.

- gar

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR KLETTHÁLSI

NÆSTUM NÝIR BÍLAR MED MIKLA ÁBYRGÐ



Frábært tilboð á bílaleigubílum

Nú bjóðum við vel með farna bílaleigubíla á kjörum sem bjóðast ekki annars staðar:

- Allir bílar eru í 5 ára ábyrgð frá nýskráningardegi.
- 80% fjármögnun.
- Bílalán til 84 mánaða.

Komdu í heimsókn og kynntu þér frábært verð á næstum nýjum bílum. Við erum í samningaskapi.



VW Polo Comfortline 1,4



Nýskráður júní 2007
Beinskiptur, ekinn 33.000 km

Ásett verð
1.560.000,-

Skoda Octavia Ambiente, Dísel



Nýskráður maí 2007
Sjálfskiptur, ekinn 36.000 km

Ásett verð
2.490.000,-

MM Pajero Intense, Dísel



Nýskráður júní 2007
Sjálfskiptur, ekinn 45.000 km

Ásett verð
5.550.000,-



Das Auto.



SIMPLY CLEVER



MITSUBISHI
MOTORS



KIA MOTORS
The Power to Surpass



Bílaábyrgð Varðar fylgir
notuðum bílaleigubílum
frá HEKLU.

Opð 10-18 virka daga

Kletthálsi | sími 590 5044 | www.heklanotadirbilar.is | notadirbilar@hekla.is



GENGIÐ 10.10.2008

GJALDMIÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	110,66	111,18
	Sterlingspund	187,78	188,7
	Evra	149,74	150,58
	Dönsk króna	20,116	20,234
	Norsk króna	17,769	17,873
	Sænsk króna	15,528	15,618
	Japanskt jen	1,1182	1,1248
SDR		168,8	169,8

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

199,9866

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Uppgjör Landsbankans: Málverkasafn bankans tryggt

EFNHAGSKREPPA Stórt og mikið málverkasafn Landsbanka Íslands mun ekki falla í hendur erlendra kröfuhafa. Þetta segir Lárus Finnbogason endurskoðandi sem er formaður skilanefndar bankans. „Eins og aðrir fastafjármunir, fasteignir og annað, fer safnið væntanlega yfir í nýja bankann,“ segir Lárus. Þannig verður safnið eign Nýja Landsbankans sem lýtur stjórn ríkisins. Málverkasafn Landsbankans er eitt stærsta safn íslenskra málverka og geymir fjölda verka eftir helstu meistara íslenskrar málralistar.



ÚR ÞINGHEIMI Þingmenn ræða nú hvort settar skuli reglur um skráningu á helstu hagsmunatengslum þeirra.

Hagsmunatengsl þingmanna: Þingmenn upp- lýsi um gjafir

ALÞINGI Þingmönnum verður gert að greina frá öllum gjöfum að verðmæti 50.000 krónur eða meira, ef drög að reglum um skráningu á fjárhagslegum hagsmunatengslum þingmanna verða samþykkt. Gjöfin þarf þó að geta talist tengjast þingmannsstarfinu til að vera skráningarskyld. Einnig skal skrá allt það sem þegið er að utan. „Sérhvert fjárhagslegt framlag, gjöf eða annar fjárhagslegur stuðningur sem þinginn er frá opinberum stjórnvöldum, samtökum eða einstaklingum erlends ríkis“, skal skrá, segir í drögunum.

Óánægja með hvernig staðið er að uppsögnum í Landsbankanum:

Koma í veg fyrir að hjón missi vinnuna

EFNAHAGSMÁL „Auðvitað eru allir óánægðir. Það er aldrei nokkur ánægður í svona uppsagnarferli, ekki heldur þeir sem halda vinnunni,“ segir Helga Jónsdóttir, formaður Starfsmannafélags Landsbankans. Nokkrar óánægju gæti meðal starfsmanna með það hvernig staðið hefur verið að uppsögnum í bankanum. Fyrst bárust þau skilaboð frá Björgvini G. Sigurðssyni að enginn myndi missa vinnuna en nú er komið á daginn að um 500 af 1500 starfsmönnum bankans fá ekki starf í nýja bankanum. „Það er í rauninni ekki búið að segja neinum upp, skilanefndin sér um það. Hins vegar voru starfsmenn kallaðir á fund hver og einn fyrir helgi og þeim tjáð hvort þeim yrði boðin staða í Nýja Landsbankanum eða ekki,“ útskýrir

Helga. Um er að ræða fólk úr öllum deildum enda eru verkefni margra starfsmanna ekki lengur til. „Eflaust hefði verið hægt að standa betur að þessu ef tíminn hefði verið meiri. Í sumum tilfellum er fólk hissa á því að starfsaldur virðist ekki ráða því hvort fólk fær að starfa áfram. Það sem okkur þótti samt sárast var að við áttum ekki að fá uppsagnarfrestinn greiddan en nú er búið að tryggja það,“ segir Helga. Fjölmarginir starfsmenn eiga maka innan bankans eða í öðrum bönkum. Helga segir að reynt hafi verið að sjá til þess að annar aðilinn héldi vinnunni í þeim tilfellum. „Ég veit um eitt dæmi þar sem hjón sem bæði störfuðu í Landsbankanum fengu ekki starf í nýja bankanum en það var síðan leiðrétt og öðrum aðilanum kippt inn aftur,“ segir Helga.



MARGIR MISSA VINNUNA Þeir sem ekki fá starf í Nýja Landsbankanum þurfa ekki að mæta til starfa í dag. Engum hefur þó verið sagt upp formlega.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



VIÐ FÖGRUFJÖLL Horft yfir Skaftá við Fögrufjöll í gær þar sem áin flæddi yfir mosagróið Skaftáreldhraun frá árinu 1783. Hlaupið á upptök sín í hitakatli undir Vatnajökli.

MYND/ODDUR SIGURÐSSON

Skaftárhlaup er í rénun

Hlaupið í Skaftá náði hámarki í gærkvöldi og er nú í rénun. Hlaupið er með þeim stærstu sem orðið hafa í ánni. Bændur í Skaftártungu búast við að gróðurskemmdir komi í ljós þegar sjatnar í ánni. Samkvæmt upplýsingum lögreglu lenti hvorki fólk né búfénaður í hættu eða vandræðum vegna hlaupsins í ánni.

NÁTTÚRA „Það er alveg flugvatn hér fyrir neðan bæinn,“ sagði Gísli Halldór Magnússon, bóndi á Ytri-Ásum í Skaftártungu þegar Fréttablaðið sló á þráðinn til hans um kvöldmatarleytið í gær. Þá sagði hann hlaupið enn fara vaxandi en bjóst við að það væri að ná hámarki. Sagði hann hlaupið með þeim stærri sem hann hefði orðið vitni að og bjóst við miklum gróðurskemmdum. „Þetta skilur eftir sig heilmikla eyðileggingu. Menn tala oft um að það sé ekkert tjón en það er svo mikið land sem fer undir vatn. Áin flæðir upp úr öllum farvegum,

brýtur bakka og göslast yfir gróíð land og setur það í svartan sand. Þegar fjarar eru sandhaugarnir eftir og þeir fjúka um allt,“ útskýrir Gísli. Hann skoðaði aðstæður svolítið í gær og sagði greinilegt að vatnsmagnið væri meira en í hlaupinu 2006. „Hér ofan við Ása-vatnsbrúna hefur alltaf verið gróinn hólmi úti í vatni en nú er hann farinn. Hann hefur staðið af sér mörg hlaupin til þessa. Það hefur líka brotnað úr bökkum og hrúnið úr berginu og varnargarðar eru víða farnir eða komnir á kaf.“ Gísli segir búfénaði ekki hafa stafað hætta af hlaupinu og sem

betur fer hafi verið búið að smala. Segir hann það oft henda að fé festist í aurnum og drullunni sem liggja yfir landinu þegar hlaupið sjatnar og það verði þeirra bani. Oddur Sigurðsson jarðfræðingur hjá Vatnamælingum flaug yfir svæðið í gær. „Um hádegisbilið var minni kraftur á vatninu sem kom undan jökli og þar stóðu jakar á þurru,“ sagði Oddur. Samkvæmt mælingum á hálendinu fór rennslið upp í 1350 rúmmetra á sekúndu en Oddur taldi víst að rennslið hefði verið meira, jafnvel 1500 rúmmetrar á sekúndu þegar mest lét, þar sem nokkrar

kvíslar runnu fram hjá mælinum. „Þetta er með stærri hlaupum sem við höfum séð en þó ekki það stærsta. Það virðist takmarkast við Skaftá en oft hefur hlaupið í öðrum ám samtímis,“ segir Oddur sem býst við að rennsli í Skaftá verði áfram mikið fram eftir vikunni. Heimreiðin að Skaftárdal fór undir vatn í gær sem og hluti af Fjallabaksleið líkt og venja er í flóðum sem þessu. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Hvolsvelli lenti enginn í vandræðum eða hættu vegna hlaupsins.

thorgunnur@frettabladid.is

Olís er leyfisgafi Quiznos á Íslandi


12 STAÐIR

OLÍS ÁLFHEIMUM, OLÍS GULLINBRÚ, HOLTAGÖRÐUM, OLÍS MJÓDD, OLÍS NORÐLINGAHOLTI, NÝBYLAVEGI, SUÐURLANDSBRAUT, OLÍS AKRANESI, OLÍS AKUREYRI, OLÍS BORGARNESI, OLÍS KEFLAVÍK, OLÍS REYÐARFIRÐI



Quiznos SUB

VEÐURSPÁ



HEIMURINN

Kaupmannahöfn	15°
Billund	15°
Ósló	14°
Stokkhólmur	13°
Gautaborg	15°
London	19°
París	24°
Frankfurt	21°
Friedrichshafen	23°
Berlín	21°
Alicante	25°
Mallorca	25°
Basel	24°
Eindhoven	19°
Las Palmas	24°
New York	26°
Orlando	30°
San Francisco	21°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádeg.

KJÖRKASSINN



Á Ísland að sækja um stuðning
Alþjóðagjaldeyrissjóðsins?

Já

75,2%


Nei

24,8%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Óttast þú matvælskort á
landinu?

Segðu skoðun þína á Vísir.is





FIDEL CASTRO Forsetinn fyrrverandi tjáði sig um forsetakosningarnar í Bandaríkjunum á vefsíðu um helgina.

Castro tjáir sig um kosningar:
Kraftaverk að Obama sé á lífi

KÚBA Fidel Castro, fyrrverandi forseti Kúbu, segir það vera kraftaverk að bandaríski forsetaframbjóðandinn Barack Obama hafi ekki verið ráðinn af dögum.

Castro tjáði sig um forsetakosningarnar á vefsíðunni Cubadebate. Hann sagði að mikið kynþáttahatur setti mark sitt á bandarískt samfélag og milljónir hvíttra gætu ekki sætt sig við að fá blökkumann í Hvíta húsið. Þá gagnrýndi Castro John McCain og varaforsetaefni hans, Söru Palin. Meðal annars sagði hann að Palin vissi ekkert í sinn haus.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Brotist inn í sumarbústaði
Brotist var inn í tvo sumarbústaði í Grímsnesi í fyrrinótt en litlu stolið. Ekki er vitað hverjir þar voru að verki. Þá barst lögreglunni á Selfossi tilkynning um skemmdarverk í leigubústöðum í Úthlíð.

Í sjálfheldu í Ingólfssfjalli
Björgunarsveitir á Suðurlandi aðstoðuðu í gær mann sem lent hafði í sjálfheldu í fjallgöngu á Ingólfssfjalli. Maðurinn hafði farið af alfaraleið og lent í ógöngum efst í klettabelti þar sem hann gat sig hvergi hrært.

Viðskiptafræðinema leið djöfullega þegar ritgerðarefnið hans tók að riða til falls:

Ritgerðin um Icesave er ónýt

MENNTAMÁL Kreppan teygir anga sína víða og jafnvel inn á skrifborð hjá háskólanemum í miðjum ritgerðaskrifum.

„Ég var að skrifa um útrásarstefnu Icesave og hvaða markaðir myndu henta best til frekari útrásar“, segir viðskiptafræðineminn Pétur Örn Björnsson, sem í vikunni var kominn vel á veg með BS-ritgerðarskrif um Icesave-reikninga Landsbankans. Eftir vendingar síðustu daga þarf Pétur að byrja upp á nýtt.

„Nú þarf ég bara í staðinn að skrifa um af hverju þetta allt saman gerðist“, segir Pétur, ekki skemmt. Hann bindur þó vonir við að vandræði vikunnar hafi ekki áhrif á útskriftaráformin.

En hvernig leið Pétri þegar atburðarásin tók nýja stefnu og fór að hverfast mest um Icesave-reikningana í Bretlandi? „Djöfullega“, segir Pétur. „Þetta var alls ekki skemmtilegt.“

Og ástandið kemur Pétri illa á fleiri vegu. „Það er



BYRJAR AFTUR Pétur er þó ekki af baki dottinn og hyggst í staðinn skrifa um hvað varð til þess að svo fór sem fór.

FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI

að minnsta kosti ekki öfundsvort hlutskipti að vera að útskrifast sem viðskiptafræðingur núna, þegar það er verið að segja upp 500 manns í Landsbankanum“, segir hann.

- sh

Japanar ósáttir við ákvörðun:

Norður-Kórea af hryðjuverkalista

BANDARÍKIN Bandarísk stjórnvöld hafa fjarlægst Norður-Kóreu af lista sínum yfir ríki sem styðja hryðjuverk.

Það var gert eftir að löndin náðu samkomulagi um ýmislegt í kjarnorkuáætlun Norður-Kóreu, sem mun meðal annars veita eftirlitsmönnum fullan aðgang að áætluninni.

Stjórnvöld í Norður-Kóreu hafa lýst yfir ánægju sinni vegna málsins og það hafa Suður-Kóreumenn einnig gert. Japönsk stjórnvöld hafa gagnrýnt ákvörðun Bandaríkjamanna og segja verið að verðlauna Norður-Kóreu of fljótt.

- þeb

Ágæt von til að eignir dugi fyrir Icesave-reikningunum

Forsætisráðherra segir ágæta von til þess að eignir Landsbankans dugi fyrir ábyrgðum Íslands vegna Icesave-reikninga í Hollandi og Bretlandi. Gjaldeyrisviðskipti verði í lagi í Landsbankanum og Seðlabankanum.

EFNAHAGSMÁL Geir H. Haarde forsætisráðherra segist enn vonast til að eignir Landsbankans dugi til að greiða eigendum Icesave-reikninga Landsbankans í Bretlandi og Hollandi.

Geir sem um helgina sat fundi með nokkrum samráðherra sinna sagðist ekki vilja útlista það sem rætt var á helgarfundum ráðherranna, neitaði því að aðeins væru eftir formsatriði til að ganga frá samkomlagi við bresk stjórnvöld varðandi Icesave-reikninga Landsbankans í Bretlandi. „Það er ekkert búið klára málið og ástæðan fyrir því er náttúrulega sú að það er úrvinnsla eftir áður en hægt er ljúka þessu“, sagði Geir.

Aðspurður sagði Geir það liggja fyrir hversu margir Icesave-reikningar Landsbankans það væru í Hollandi og Bretlandi þar sem innistæður ná því tæplega 21 þúsund evra marki sem íslensk stjórnvöld ábyrgjast að verði greitt.

„Það liggur fyrir en ég hef ekki þær upplýsingar á takteinum. Aðalatriðið í því máli er það að við erum að reyna að sjá til þess að eignir bankans geti dugað til að standa við þessa skuldbindingu. Ég held að það sé ágæt von til þess“, sagði Geir.

Forsætisráðherra var spurður hvort til skoðunar væri að frysta eignir fyrrverandi eigenda Landsbankans. „Ég hef ekki svar við þeirri spurningu“, svaraði hann.

Árni Mathiesen fjármálaráðherra situr nú ársfund Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem rætt er um að Íslendingar leiti til í þrengingum sínum. Geir sagði ekkert enn að fréttu af samtölum við fulltrúa



GEIR H. HAARDE Forsætisráðherra svaraði spurningum fréttamanna fyrir utan ráðherrabústaðinn síðdegis í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Aðalatriðið í því máli er það að við erum að reyna að sjá til þess að eignir bankans geti dugað til að standa við þessar skuldbindingar.“

GEIR H. HAARDE
FORSÆTISRÁÐHERRA

sjóðsins. Kauphöll Íslands lokaði fyrir viðskipti með hlutabréf í síðustu viku og Geir kvaðst ekki geta svarað því hvort þar yrði opnað

aftur fyrir viðskipti í dag. Forsætisráðherra var inntur eftir því hvort gjaldeyrisviðskipti verði með eðlilegu hætti frá og með deginum í dag eins og hann sagðist í síðustu viku vonast til að yrði.

„Ég held að allar eðlilegar afgreiðslur eigi að geta gengið fyrir sig, ef ekki í gegnum Landsbankann þá í gegnum Seðlabankann.“

Þetta er aðeins flóknara þar sem ekki er búið að stofna nýja banka [í Kaupþingi og Glitni] en

við treystum því að þetta geti gengið hnökralaust fyrir sig í sambandi við öll venjuleg viðskipti á morgun. En sjálfsagt mun taka einhverja daga að koma þessu öllu í eðlilegt horf á nýjan leik“, sagði Geir sem kvað Seðlabankann vinna hörðum höndum að því að koma gjaldeyrismálunum í lag.

Um hugsanlega sölu á Baugi sagði Geir hana ekki hafa verið rædda á fundi ráðherranna. „Það er ekki inni á okkar borði“, sagði forsætisráðherra.

gar@frettabladid.is

MARKAÐURINN

Einfalt
mál

á www.visir.is
alla daga



Neytendur: Hagsýni er eina vitið í kreppunni

Fiskur og kjöt á góðu verði



DR. GUNNI
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Tímar óráðsú eru liðnir og nú er hagsýni eina vitið. Sláturmarkaður Hagkaupa í Skeifunni hefur aldrei gengið eins vel. Þar er biðröð út úr dyrum á hverjum degi þegar markaðurinn opnar kl. 14 og svo er selt þar til allt er uppið. Daginn eftir kemur nýr skammtur og þá hefst atið á ný. Svona er þetta á hverjum degi nema á mánudögum því það er ekki slátr að á sunnudögum.

Í einu slátri er lifur, hjarta, tvö nýru, einn lítri af blóði, eitt kíló af mör, sviðahaus, vömb og keppur. Þrjú slátur kosta 2.475 kr. og fimm 3.905 kr. Þá er hægt að fá eins konar lúxuspakka með þremur slátrum. Lúxusinn felst í því að búið er að brytja mörinn og sauma vambirnar.

Nú kemur sér vel að eiga frystikistu. Hvíldarklettur á Suðureyri selur ódýran fisk, ýsu og steinbít á 600 kr. kílóíð og þorsk á 950 kr. kílóíð. Fiskurinn er

frystur í tveggja kílóa öskjur og í hverri öskju eru sex skammtar sem pakkað er inn í plast. Þorskur og ýsa eru rodflett og flökin beinhreinsuð, en af steinbítum fást aðeins rodflett flök. Innifalið í verðinu er ókeypis heimsending um allt land og lágmarkspöntun er 10 kíló. Hægt er að panta á www.fisherman.is.


Fiskfars hjá Fiskisögu má nú fá á 125 kr. kílóíð. „Ég eldaði úr þessu dýrindis farsí gömsætar bollur fyrir fimm manna fjölskyldu“, skrifar Þórhildur Laufey Sigurðardóttir.

Eins og staðan er núna þýðir ekkert að skerast undan ábyrgð. Neytendur líða vonandi ekki okkur aftur í bráð. Batnandi samfélagi er best að lifa.



Höfðinglegt jólahaðborð

Viðeyjarstofu



Við minnum á nauðsyn þess að panta
sem allra fyrst á þetta einstaka jólahaðborð!

Það verður ósvikin jólastemning í Viðeyjarstofu þegar líða
tekur að aðventu og flestar helgar fram að jólum. Það verður
höfðinglega tekið á móti gestum og fagurlega skreytt
jólahaðborð mun svigna undan ljúffengustu jólakrásum
sem hver stórhöfðingi þætti fullsæmdur af.



TBWA REYKJAVÍK & SÍA



*Jólahaðborðin verða haldin
15., 21., 22., 28. og 29. nóv.
og 5., 6., 12. og 13. des.*

Njóttu nálægðar jólanna í Viðeyjarstofu
Njóttu einstakra kræsinga, ljúfrar tónlistar og stemningar
sem er engu lík. Njóttu Reykjavíkur í skini jólaljósanna!

Nánari upplýsingar og pantanir
í síma 553 7737 og á veislurettir.is

VEISTU SVARIÐ?



Þjófur snýr sér rakleiðis að matvörunni þegar kreppir að í efnahagnum:

Stal tugum kílóa af fiski í soðid

LÖGREGLUMÁL Það eru fleiri en bara peningamenn þjóðfélagsins sem fá að kenna á kreppunni eins og sannaðist á miðvikudag þegar Einar Steindórrson fískals á Freyjugötu mætti til vinnu sinnar. Um nóttina hafði þjófvar brotist inn í verslunina og stolið sér tugum kílóa af fiski í soðið.

„Það voru tekin einhver tíu kíló af harðfiski og svo bara nýr fiskur sem var bara inni í kæli, svona fimmtíu kíló af fiskflökum,“ segir Einar. Harðfiskur er einhver dýrasti matur sem völ er á og er verðmæti tíu kílóa líkast til um og yfir 50 þúsund krónur. Einar segist tryggður fyrir skað-

anum, en er samt hissa. „Við erum búin að vera hérna í sautján ár og þetta er nú í sjötta skipti sem er brotist inn hjá okkur, en það hefur aldrei verið stolið af okkur ferskum fiski áður,“ segir Einar.

Að sögn Einars væri afar erfitt fyrir þjófinn að koma fiskmetinu í verð annars staðar. „Þetta hlýtur að fara bara beint í frystikistuna hjá honum,“ segir hann.

En tiltrú fólk á íslensku krónuna virðist ekki að fullu þorinn enn, því þjófurinn hafði einnig á brott með sér örfá þúsund króna í skiptimynt úr peningakassanum. -sh



Hefur ekki kosið í 50 ár:

106 ára nunna kýs Obama

BANDARIKIN 106 ára gömul bandarísk nunna verður að öllum líkindum elsti kjósandinn í forsetakosningunum í Bandaríkjunum í nóvember.

Cecile Gaudette hefur búið í klaustri á Ítalíu í fimmtíu ár og kaus síðast í forsetakosningum árið 1952.

Hún segist þó fylgjast með dagblöðum og horfa á sjónvarp frá föðurlandinu.

Nú hefur hún ákveðið að kjósa á ný til þess að geta stutt Barack Obama.

Henni þykir hann vera góður maður og treystir honum til að koma á friði í heiminum. - be



FYRIR HVERJA?

Námskeiðið er ætlað þeim sem vinna við
grafík og stafræna myndvinnslu og vilja ná
dýpri þekkingu og skilningi á nær óendan-
legum möguleikum þessa flotta verkfæris.

Námið er undirbúningur fyrir alþjóðlegt próf sem gefur gráðuna: Adobe Certified Expert.

INNTÖKUSKILYRÐI

Þeir sem ætla í þetta nám þurfa að hafa einhverja reynslu í Photoshop og undirstöðubekkingu á Windows umhverfinu.

Einnig þarf góða enskukunnáttu þar sem flest námsgögn eru á ensku.



NÍY TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIG

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki



Öryggisráðs- kjör myndi auka traust

Forseti Íslands verður af heilsufarsástæðum fjarverandi endasprett kosningabaráttunnar til setu í Öryggisráði SP. Talsmenn framboðsins segjast munu reyna á traust þjóða heims í atkvæðagreiðslunni.

UTANRÍKISMÁL Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, mun afheilsufarsástæðum ekki fara til New York til að taka þátt í lokaspretti kosningabaráttunnar fyrir setu í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna árin 2009-2010, en atkvæði verða greidd um hana á allsherjarþingi samtakanna næstkomandi föstudag.



**KRISTÍN A.
ÁRNADÓTTIR**

framboðsins hefur staðið yfir í áratug. Til hans hefur verið varið nokkuð á þriðja hundrað milljóna króna.

„Það starf sem búið er að vinna hefur orðið til að auka trú og traust á Íslendingum,“ segir Kristín. Það muni reyna á það í þessum kosningum.

„Ef við verðum kjörin til setu í öryggisráðinu felst í því mikil traustsyfirlýsing og við þurfum að geta staðið undir því trausti, sérstaklega þegar illa gengur heima fyrir. Við finnum það að viðmælendur okkar hér hafa mikla trú á Íslandi.“ Að mati Krist-

ínar er seta í öryggisráðinu „nánast eins og að fá sæti í ríkisstjórn heimsins“. Hún hafi „trú á því að það verði okkur lyftistöng í margvíslegu tilliti ef svo blessunarlega færi að við ynnum kosningarnar“.

Kristín segir að seta í ráðinu myndi „vissulega reyna dálítið á okkur“ en hún hafi enga trú á öðru en að Íslendingar geti skilað því starfi af fagmennsku.

Gunnar Pálsson sendiherra, sem var fastafulltrúi Íslands hjá SP á árunum 1994-1998, hefur átt samtöl við fastafulltrúa margra erlendra ríkja hjá SP í New York. Spurður hvort hann hafi orðið þess var að fréttirnar af banka-
kreppunni hær hafi haft áhrif á afstöðu fulltrúanna gagnvart Íslandi sem öryggisráðsframbjóð-
anda segist hann ekki hafa orðið þess var.

„Áhuginn beinist ekki fyrst og fremst að Íslandi vegna efnahags- vandræðanna, heldur hefur athyglin dregist að Íslandi vegna þess að það er í framboði til öryggisráðsins,“ segir Gunnar. Vissulega spyrji margir hvað sé að gerast á Íslandi og hvernig íslenskt stjórnmöld séu að bregðast við. „En ég hef ekki í einu einasta samtali sem ég hef átt við fulltrúa erlendra ríkja hér orðið þess var að menn hafi verið að spyrja leiðandi spurninga eða gera því skóna að þetta væri að gera Íslandi erfitt fyrir í tengslum við framboðið.“

audunn@frettabladid.is



Í starfi mínu legg ég megináherslu á heilbrigt stoðkerfi, stuðningur frá góðri heilsudýnu gegnir þar mikilvægu hlutverki.

EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR

Fyrst og fremst í heilsudýnum








Stillanleg rúm með okkar bestu **IQ-CARE** heilsudýnu á góðu verði

Scape Wallhugger - Eitt með öllu

- þráðlaus fjarstýring
- sér stilling fyrir höfuðlag
- nudd
- sleði sem leggst upp að vegg
- afar hljóðlátt og þægilegt í notkun

Scape	Verð
120x200	309.900
160x200	479.900
180x200	499.900
KING SIZE	519.900



IQ-CARE ein allra besta heilsudýna í heimi.

Proflex er mest selda stillanlega rúmið hjá okkur, enda á góðu verði

Proflex	Verð
160x200	279.900
180x200	299.900

6 mánaða
vaxtalausar greiðslur


Stærstu kírópraktorasamtök heims mæla með

Chiropractic®



Amerísku heilsudýnurnar





Ný sending af vinsælu sængurverasettunum.

Ný teppasett.

SVEFN & HEILSA GEGNIR MIKILVÆGU HLUTVERKI



Óseyri 2

AKUREYRI



Listhúsinu Laugardal

REYKJAVÍK



Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Óseyri 2, Akureyri, 461 1150

Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

www.svefn.is



SKOTIÐ Á LOFT Rússneska geimskipinu Soyuz var skotið á loft í Kasakstan í gærðag. Um borð er meðal annarra auðjofurinn Richard Garriott, sem er sjötti milljónamæringurinn sem ferðast út í geim frá árinu 2001.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fyrrum forseti Tékklands:

Hugsum um venjulegt fólk

TÉKKLAND Kreppan er áminning til okkar um að við eigum ekki að kasta frá okkur grunnildunum í



VACLAV HAVEL

lífsgæðakapphlaupinu, segir Vaclav Havel, fyrrum forseti Tékklands.

Frelsi og lýðræði snýst ekki um óhefta efnishyggju, segir hann og hvetur fólk til að muna eftir

þeim sem ekki fjárfesta; venjulega fólkinu.

Efnahagshrunið sé viðvörn til hagfræðinga, „sem halda að þeir skilji allt og að þeir hafi kortlagt heiminn á vísindalegan hátt,“ segir hann.

Havel kennir græðgi og hagnaðarfíkn um hvernig ástatt er í fjármálaheiminum.

- kóp

Iceland Express:

Auglýsa Reykjavík sem verslunarborg

VERSLUN Flugfélagið Iceland Express hefur hafið markaðssetningu á verslunarferðum til Íslands. Félagið segir í tilkynningu að aldrei hafi verið mikilvægara að fá ferðamenn með erlendum gjaldeyri til landins.

Félagið auglýsir nú þriggja daga ferðir til Reykjavíkur frá Berlín, Kaupmannahöfn og London. Væntanlegum ferðamönnum er bent á að vegna lágs gengis íslensku krónunnar sé nú mjög hagstætt að versla í Reykjavík. Þá ætla fyrirtækið einnig að bjóða upp á tiskuráðgjöf fyrir ferðamenn í samstarfi við fimm tiskuráðgjafa.

- þeb

Frávísun í máli landeiganda við Þjorsá um vatnsréttindi kærð:

Frávísun héraðsdóms kærð

DÓMSMÁL Ákvörðun héraðsdóms, um að vísa máli landeiganda við Þjorsá frá, hefur verið kærð til Hæstaréttar. Landeigandinn, Daniela Schmitz, hafði farið fram á að vatnsréttindi ríkisins á jörð hennar, Skálmholtshrauni, féllu úr gildi.

Samningarnir voru gerðir um miðja síðustu öld, þegar ríkið yfirtók samninga Fossafélagsins Titan. Hið sama gildir um meirihluta jarða á svæðinu og með svipuðum hætti eignaðist ríkið yfir níu tíundu hluta vatnsréttinda í ánni. Daniela stefndi ríkinu og Landsvirkjun vegna vatnsréttindanna, en Landsvirkjun hyggst nýta þau fyrir virkj-



CHRISTIANE L. BAHNER Lögmaður landeiganda segist búast við niðurstöðu frá Hæstarétti á næstunni. Málið er í flýtimeðferð.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

anir í Þjorsá. Christiane L. Bahner, lögmaður Danielu, hefur fært rök fyrir því að réttur ríkisins til vatns-

réttinda jarðarinnar ætti að teljast niður fallinn. Ekki hafi verið lýst kröfu í réttindin árið 1952, þegar þau voru tekin yfir, og eigandi jarðarinnar fengið að nýta réttindin svo lengi að hefð hafi skapast.

Christiane segir málið vera í flýtimeðferð og niðurstöðu því að vænta á næstunni. „Héraðsdómur tekur nú saman öll gögn og færir Hæstarétti. Þetta á ekki að taka of langan tíma.“

Verði krafa landeigandans samþykkt verða virkjanaáform í Þjorsá í uppnámi. Til þess þarf þó Hæstiréttur að snúa frávísun héraðsdóms við svo málið fái efnislega meðferð.

- kóp

Sveitarfélög búa sig undir harðara árferði

Samband íslenskra sveitarfélag leggur áherslu á að grunn- og velferðarþjónusta skerðist ekki. Auka á samráð við ríkisstjórn og ráðuneyti velferðarmála. Efla á Lánasjóð sveitarfélaga með útgáfu skuldabréfa fyrir innanlandsmarkað.

SVEITASTJÓRNARMÁL „Við erum að lýsa því yfir að það er verið að treysta velferðarþjónustuna,“ segir Halldór Halldórsson formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. Sambandið og samgönguráðherra sendu frá sér yfirlýsingu á föstudag um að tryggja verði að grunnþjónusta hins opinbera skerðist ekki þrátt fyrir tekjusatnað og kostnaðarhækkanir.

Halldór segir að sveitarfélög hafi gert ráð fyrir nokkuð miklum framkvæmdum á þessu ári, sem hafa af hluta verið fjármagnaðar með erlendum lánum. Staðan nú sé hins vegar sú að ekki sé hægt að fá erlend lán. Því sé lítið til þess að efla Lánasjóð sveitarfélaga til að tryggja að sveitarfélögin verði fjármögnuð og velferðarþjónustan skerðist ekki.

Til að efla Lánasjóðinn verða gefin út vedhæf skuldabréf, samþykki Seðlabankinn aðgerðina. Vonir standa til að lífeyrissjóðir

muni kaupa skuldabréfin og hefur það verið kynnt fyrir landssambandi lífeyrissjóða.

Samband íslenskra sveitarfélaga og samgönguráðherra hvetja sveitarfélög til að endurskoða fjárhagsáætlanir sínar, í ljósi efnahagsvandans og forgangsraði verkefni þannig að stoðir grunnþjónustunnar verði styrktar.

Einnig verður leitað til félags-



NÝBYGGINGUM FÆKKAR Eitt af því sem hefur valdið sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu vandræðum er fjöldi byggingarlóða sem hefur verið skilað. Bæjarstjóri Garðabæjar segir um 500 auðar íbúðir í sveitarfélaginu.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

málaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis um aukioð samsstarf.

„Við erum ekki að tala um beinharda peninga,“ segir Halldór. „Heldur að tryggja allt mögulegt samstarf, samhæfingu upplýsingagjafar og að tryggja almannaheilabþjónustu.“

Tryggja á að sveitarfélög geti lokið umsömdum framkvæmdum, en síðar verði lítið til nýrra framkvæmda. „Hlutverk hins opinbera er að geta knúið efnahagslífið þegar það er í lægð.“ segir Hall-

dór. „En þessa dagana erum við að bíða af okkur storminn sem geisar og leggja áherslu á velferðarþjónustuna. Þegar storminn linnir getum við skoðað við hvað við ráðum til að örva efnahagslífið.“

Aðspurður segir Halldór að það kæmi sér ekki á óvart ef efnahagsástandi nú myndi hafa áhrif á sameiningu sveitarfélaga. „Þetta hefur þau áhrif að reksturinn er miklu dýrari. Það er ekki hægt að líta fram hjá því að slíkar aðstæður geta ýtt á sameiningu í stærri einingar.“

svanborg@frettabladid.is

Dönsk neytendalög:

Íslensk keðja til skoðunar

DANMÖRK Fjórða stærsta líkamsræktarkeðja Danmerkur, Equinox sem er í eigu World Class, er talin brjóta danskar neytendareglur með því að gera 36 mánaða bindandi samninga við viðskiptavinina sína. Aðeins er hægt að segja samningunum upp með skriflegum hætti hálfu ári fyrirfram.

Þetta er í trássi við dönsk lög, að sögn danska blaðsins Politiken, og er málið til skoðunar hjá umboðsmanni neytenda. Samkvæmt dönsku lögnum má líkamsræktarstöð aðeins gera bindandi samning í tólf mánuði og uppsagnarfresturinn verður að vera þrír mánuðir.

- ghs

Erill í Borgarnesi

Fundu loftbyssur við húsleit

LÖGREGLUMÁL Mikill erill var hjá lögreglunni í Borgarnesi aðfaranótt sunnudagsins. Þrír öikumenn voru stöðvaðir grunaðir um ölvunarakstur og þrír til viðbótar voru grunaðir um að aka undir áhrifum fíkniefna.

Einn þeirra reyndist vera með fíkniefni á sér og gerð var húsleit hjá öðrum þar sem fundust loftbyssur og lítið magn fíkniefna.

- þo



BÆNASTUND Margir leita hugarróar í kirkjum landsins þessa dagana.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Séra Hjálmar Jónsson:

Bylgja andúðar og ergelsis

EFNAHAGSMÁL „Margt fólk á í vanda þessa dagana. Til dæmis er erfitt að vera óbreyttur bankamaður í dag og finna bylgju andúðar og ergelsis dynja á sér á hverjum degi. Hið sama gildir um verslunarmenn og fleiri,“ segir séra Hjálmar Jónsson Dómkirkjuprestur. Tugir fólks hafa komið á bænastundir í Dómkirkjunni síðustu daga.

Séra Hjálmar segir mikilvægt að þjóðin sem heild horfi fram úr erfiðleikunum. „Dómkirkjan hefur staðið í 212 ár og ekki hefur alltaf verið bjart yfir. Nú er verið að vinna í því að við getum haldið áfram. Þetta eru engin endalok,“ segir séra Hjálmar.

- kg

Starfsmenn Pétursbúðar á Ránargötu halda skrá yfir þekhta viðskiptavinum:

Geir Haarde sá frægasti

FÓLK „Það verslar svo mikið af frægu fólki hérna að maður er hættur að kippa sér mikið upp við þetta, en okkur fannst sniðugt að skrá niður þekkjustu nöfnin,“ segir Böðvar Schram, Kvinnaskólanemi og starfsmaður hinnar fornfrægu verslunar Pétursbúðar við Ránargötu í gamla Vesturbænum.

Böðvar og samstarfsmaður hans í búðinni, Hannes Þór Arason, hafa upp á síðkastið skráð niður á lista nöfn þekktra einstaklinga í þjóðfélaginu sem eiga erindi í Pétursbúð. Viðskiptavinir geta svo dundað sér við að skoða listann meðan beðið er eftir afgreiðslu.

Spurður hver sé þekktaasti einstaklingurinn á listanum góða stendur ekki á svari hjá Böðvari. „Það er án efa forsætisráðherrann okkar, Geir H. Haarde. En annars er nóg af nöfnum á listanum, eins og til dæmis Guðrún Helgadóttir, Gunnar Þórðarson, Megus, Ragnheiður Steinunn, Ragnhildur Gísladóttir, Benedikt Erlingsson og Dóri DNA. En Dóri DNA kemur nú samt ekki jafn oft hingað og hinir,“ segir Böðvar.

Í Bandaríkjunum tíðkast víða að hengja upp myndir af frægum viðskiptavinum verslana. Böðvar



FRÆÐ OG FRAMI Hannes Þór Arason og Böðvar Schram bíða spenntir komu næsta fræga viðskiptavinar að búðarborðinu í Pétursbúð.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

segir þá hugmynd hafa komið upp, en horfið hafi verið frá henni snemma. „Það kemur mikið af fólki úr tónlistar-, sjónvarps- og kvikmyndabransanum hingað og þetta er allt mjög almennilegt fólk. Við erum ekkert „starstruck“ hér,“ segir Böðvar og hlær.

- kg

Auglýsingasími

512 5050



- Mest lesið

Ölvun í miðbænum:
Ekki meiri læti
en venjulega

LÖGREGLUMÁL Þrátt fyrir ólguna í samfélaginu var lítill erill hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu í fyrrinótt.

Lögregla stöðvaði sex öku-menn sem grunaðir eru um ölvunarakstur og einn var grunaðir um að aka undir áhrifum fíkniefna. Þá var 17 ára stúlka sem ók á skilti við bensín-stöð N1 við Hringbraut flutt á slysadeild. Hún er grunuð um að hafa ekið undir áhrifum áfengis.

Tvær minniháttar líkamsárásir voru tilkynntar lögreglu og þrír menn voru handteknir með þýfi sem þeir eru grunaðir um að hafa stolið úr gámi í Hafnarfirði.

- þo

Framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins vill að stjórnvöld kalli á hjálp:
Slæmt ef framkvæmdir stöðvast

VINNUMARKAÐUR Mikil óvissa ríkir um framkvæmdir á sviði stórra byggingarféлага og byggingariðnaðar. Sveitarfélög eiga við vanda að etja. Reykjavíkurborg hefur sem dæmi tilkynnt að hún sé hætt við framkvæmdirnar við Geirsgötuna. Akraneskaupstaður er í bili hættur við að byggja nýja sundlaug sem var komin á framkvæmdastig.

„Það er alveg greinilegt að það er mikil óvissa og meðan ekki er greitt úr þessari óvissu er líklegt að menn fari að draga að sér hendur. Það alversta sem getur komið fyrir er að það dragi úr framkvæmdastigi. Við eigum að leggja allt kapp á að halda því í gangi sem er í gangi en



ÁHYGGJUFULLUR „Ég er orðinn verulega áhyggjufullur,” segir Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.

sjálfsgagt verður eitthvað undan að láta. Það er ekki gott ef arðbærar framkvæmdir leggjast af,” segir Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.

Jón Steindór líkir ástandinu við það að lenda í blindapöku. „Maður veit ekkert hvar maður er. Það hlýtur að vera verkefnið að blása þokunni af þannig að menn viti eitthvað. Fyrr getum við ekki byrjað að taka ákvarðanir. Stjórnvöldum hefur gengið það hörmulega og ég er orðinn verulega áhyggjufullur um að stjórnvöld skilji ekki hversu gríðarlega alvarlegt þetta ástand er að verða og að menn verði að grípa til ráðstafana. Hver klukku-tími sem líður veldur okkur tjóni. Það er ekki eftir neinu að biða með að kalla til hjálpar til að reyna að koma á einhvers konar stöðugleika eða stjórn á atburðarásina.“

- ghs

Óhapp í Borgarnesi:
Féll af þaki og
meiddist illa

SLYS Karlmaður á miðjum aldri slasaðist alvarlega þegar hann féll tvo og hálfan metra niður af húspaki í Borgarnesi um hádegis-bilið í fyrradag. Maðurinn var að dytta að húsinu sínu þegar hann féll. Hann var sóttur af þyrilu Landhelgisgæslunnar og liggur á gjörgæslu. Maðurinn var ekki talinn í lífshættu.

Í fyrradag komst upp um innbrot í fjóra sumarbústaði í Munaðarnesi og vinnur lögreglan í Borgarnesi að rannsókn málsins. Ekki er um miklar skemmdir á innanstokksmunum að ræða en þjófarnir höfðu á brott með sér dýr tæki.

- fb



Gylfi Sigfússon Eimskip tók inn tæpan hálfan milljarð með sölu á norsku skipaflutningafélagi í fyrradag.

FRÉTTABLAÐIÐ/EIMSKIP

Eimskip selur norskt félag:
Ekki hluti af
kjarnastarfsemi

VIÐSKIPTI „Euro Container Line er lítið flutningafélag með þrjú leiguskip í góðum rekstri. En það tengist ekki beint kjarnastarfsemi Eimskips og því könnuðum við hvort Wilson vildi kaupa það,” segir Gylfi Sigfússon, forstjóri.

Svarið var jákvætt og var ákveðið að Wilson, sem hefur átt helmingshlut í félaginu á móti Eimskipi síðastliðin níu ár, keypti það á 712 milljónir króna fyrir um mánuði. Bókfærður hagnaður Eimskips nemur tæpum hálfum milljarði króna. Gengið var formlega frá kaupunum í fyrradag.

- jab

Líkamsárás á Tunguvegi:
Réðust á mann
á heimili hans

LÖGREGLUMÁL Þrír menn voru handteknir upp úr hádegi í fyrradag eftir að þeir réðust á mann á fertugsaldri á heimili hans við Tunguveg í Reykjavík. Samkvæmt frásögn fórnarlambins höfðu mennirnir, sem eru á þrítugsaldri, ekið fórnarlambinu heim og fylgt því inn undir því yfirsíni að fá þar bjór. Í framhaldinu veittust mennirnir að húsráðandanum með hnúajárn og kylfur að vopni.

Í átökunum tókst fórnarlambinu að brjóta glugga og hringdu nágrannarnir þá á lögregluna, sem handtók árásarmennina. Maðurinn sem varð fyrir árásinni var fluttur á slysadeild með skurð á augabrún.

- fb

Dæmdur fyrir líkamsárás:
Þrjú hundruð
þúsund fyrir
postulínstönn

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur dæmt mann á þrítugsaldri til greiðslu þrjú hundruð þúsunda króna í skaðabætur fyrir að hafa slegið postulínstönn úr öðrum manni. Ekki var nóg með að postulínskrónan ryki við höggið, heldur einnig tönnin og rót hennar. Þá var maðurinn dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi.

Héraðsdómur Reykjavíkur hafði áður dæmt árásarmanninn í fimm mánaða skilorðsbundið fangelsi og til greiðslu 140 þúsunda króna í skaðabætur. Hæstiréttur stýtti fangelsisdóminn en hækkaði skaðabæturnar.

- jss



Meistaránám »

Menntunarfræði M.Ed. og M.A.

Sérsvið:

- » Fjölmening
- » Fræðslustarf með fullorðnum – mannauðspróun
- » Heimspeki menntunar

Íþrótt- og heilsufræði M.Ed. og M.S.

Þroskapjálfafræði M.Ed.

Tómstunda- og félagsmálafræði M.Ed.

Náms- og kennslufræði M.Ed. og M.A.

Sérsvið:

- » Íslenska – íslenskukennsla
- » Kennslufræði og skólastarf
- » Listmenntun – listasaga – verkmenntun
- » Mál og læsi
- » Menntunar- og kennslufræði yngri barna
- » Nám og kennsla erlendra tungumála
- » Náttúrufræðimenntun
- » Stærðfræðimenntun
- » Upplýsingatækni og miðlun

Doktorsnám »

Menntunarfræði Ph.D.

Menntunarfræði Ed.D.

- » Umsóknarfrestur er til 15. október.
- » Upplýsingar og umsóknareyðublöð á www.hi.is/menntavisindasvid undir deildir.

„ORÐRÉTT“

Umbúðalaust

Hjól atvinnulífsins getur hoppað upp í rassgatið á sér.

DR. GUNNI UM ÍSLENSKA EFNAHAGSLÍFIÐ
Á www.this.is/drgunni/gerast.html 12. október.

Thank you for the music

Nú fer ég í bíó. Ætla að horfa á Mamma mia - vonandi singalong

EGILL HELGASON EFTIR DRAMATÍSKT VIÐTAL VIÐ JÓN ÁSGIER JÓHANNESSON
Sílfur Egils 12. október.

tilveran
nær og fjær

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA: EMIL HJÖRVAR PETERSEN BÓKMENNTAFRÆÐINGUR OG SKÁLD

Bækurnar eru andleg verðmæti

„Ég var að gefa út nýja ljóðabók,“ segir Emil Hjörvar Petersen skáld. Bókin heitir Refur og það er skáldafélagið Nykur sem gefur hana út. „Þetta er önnur ljóðabókin mín, ég hef verið að vinna að henni frá því að ég gaf út fyrri bókina mína, og er að byrja að fylgja bókinni eftir núna.“ Emil segir að svik og lygar séu umfjöllunarefni í bókinni, og áberandi um þessar mundir. „Þegar ég var að leggja lokahönd á bókina skellur þessi vika á okkur, allir bankar falla og ráðamenn og embættismenn eru síljúgandi. Ég held að þjóðinni finnist hún vera svikin, svo ég ákvað að tengja þetta svona. Ég tek á refstákninu, sem stendur fyrir svik og lygar og spinn það saman í ljóðræna heild,“ segir Emil og bætir við að hann velti fyrir sér heiðar-

leika og veikleikum manneskjunnar. Emil vinnur hjá Forlaginu um þessar mundir. „Ég er að útskrifast úr mastersnámi í ritstjórnun og útgáfu og var hjá þeim í sumar og stóð mig það vel að ég fékk vinnu áfram, allavega fram að áramótum. Það er ótrúlega gaman, mikil reynsla og allt á fullu, og það þrátt fyrir efnahagsástandið og annað. Bókaútgáfan stendur fyrir sínu, og það er sagt að bókinn blómstri í svona kreppu, vonum það allavega.“

Emil segist ekki óttast að bókinn hans muni líða fyrir efnahagsástandið sem nú ríkir. „Nei, bækur eru andleg verðmæti, og það tekur það enginn frá þér.“



Hringdu í síma

512 50 60
ef blaðið berst ekki



VARÐ FRÁ AÐ HVERFA Haukur Jóhannesson, fagsviðsstjóri hjá Íslenskum orkurannsóknnum, hefur gefið náttúrufrýrbærum á Drekasvæði nafn. Hann hefur einnig gert tvær tilraunir til nefna náttúrufrýrbæri á Reykjaneshrygg en orðið frá að hverfa. Segir að það sé „meiriháttar mál“.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR BIRKISSON


Gefur landslaginu á hafsbotninum nafn

Haukur Jóhannesson, fagsviðsstjóri hjá íslenskum orkurannsóknnum, hefur gefið náttúrufrýrbærum á hafsbotninum nafn, bæði í Ægisdjúpi og á Hatt-on-Rockall svæðinu, eða Bergrisanum. Nöfnin á Drekasvæðinu sækir hann í Völsungasögu.

Íslendingar hafa í gegnum tíðina gefið stöðum í hafinu heiti. Haukur heldur uppi þessari hefð og hefur nú gert tillögu að nöfnum á náttúrufrýrbærum í hafinu í kringum Ísland, í Ægisdjúpi eða Síldarsmugunni, á Bergrisanum sem stundum er kallaður Hatton-Rockall og á Drekasvæðinu. Þetta gerir hann til að auðveldara sé að umgangast svæðið.

Haukur rifjar upp að starfsmenn Orkustofnunar hafi sótt nöfn í landvættirnar og nefnt Drekasvæðið eftir drekanum sem fló út Eyjafjörð, Bergrisan eftir risanum sem kom út úr Lómagnúp og stefndi suður. „Þegar þeir fóru að vinna úr gögnum á Drekasvæðinu höfðu staðirnir engin nöfn og þeir höfðu ekkert nema hnit í höndunum. Þeir skrifuðu texta og reittu svo hár sitt því að textinn var óskiljanlegur með þessum ógegnsæju tölum. Þeir treystu sér ekki til þess að búa til nöfn og báðu mig um að gera það,“ segir Haukur og spyr hver sé frægasti drekin í íslenskum bókmenntum.

„Það er Fáfínir,“ svarar hann sjálfur og kveðst hafa móðað upp úr Völsungasögu. „Langur finger fékk nafnið Fáfínir, annar við hliðina á honum fékk nafnið Otur, sem er bróðir Fáfínis, svo kemur Sigurð-



ur, Gunnar og Gjúki. Þeir koma þarna inn sem nöfn á landslagsfrýrbrigðum á hafsbotninum. Starfsmenn Orkustofnunar gátu notað þessi nöfn til að skrifa sína texta. Þegar maður hefur dýptarkortið og örnefnakortið og textann við hliðina þá skilst hvað talað er um en það er ekki nokkur leið að textinn verði gegnsær ef það eru bara hnit,“ segir hann.

Haukur vann að því að gera tillögu að nöfnum á Drekasvæðinu í vor og síðasta vetur en svæðið verður boðið út til olíuleitar og rannsókna um miðjan janúar. „Það er ekki séríslenskt frýrbrigði að gefa svona nöfn. Norðmenn gerðu þetta fyrir olíuleitarsvæðin sín og tíndu nöfn héðan og þaðan úr fornorrænum bókmenntum, aðallega goðanöfn, og afbökuðu náttúrulega á sinn hátt því að þeir kunna ekki íslensku. Írar gerðu þetta líka á Hatton-Rockall. Þeir bjuggu til örnefni til þess að staðsetningin væri gegnsæ.“

Haukur segir að eftir sé að fara yfir nöfnin á Drekasvæðinu og ná

samkomulagi um þau. „Ég hef sagt mönnum að það þurfi að vera sameiginleg niðurstaða um þetta og fleiri þurfi að koma að málinu, til dæmis Hafrannsóknastofnun og Sjósmælingarnar. Einnig þarf að fylla eitthvað upp í kortið eftir síðustu för rannsóknarskipsins norður. Mun betra kort kom út úr þeirri ferð og þar eru frýrbrigði sem ekki eru á gömlu kortunum,“ segir hann. Haukur bendir á að Drekasvæðið sé utan við það svæði sem sjómenn hafa verið á og því hafi engin nöfn verið þar til. „Á íslenska landgrunninu er til mýrgrútur af nöfnum, allir boðar, sker og leirpollar heita nafni. Það er staðsetningakerfi gamla tímans,“ segir hann og kveðst hafa gert tvær tilraunir til að gefa náttúrufrýrbærum á Reykjaneshrygg nöfn en það sé meiriháttar mál. „Þetta er allt á þúsund til þrjú þúsund metra dýpi. Þar eru engar botnvörpuveiðar og því vita menn ekki hvernig botninn lítur út.“

Reykjaneshryggur bíður betri tíma.
ghs@frettabladid.is

Blaðberinn
bíður
þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlið 24
alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

Sturtuhorn

Sturtuhurðir

Stálvaskar

Steinvölur

Útsala

af lagervöru

Baðker

Baðhlífar

**allt að
50%**

Salerni

Nuddklefar

afsláttur

Blöndunartæki

Sturtuklefar

Eldhúsvaskar

Sturtuhausar

Sturtutæki

Handsturtur

Handlaugar

**Hér færðu
engar kaldar
sturtur!!**

**Sýnishorn
ekki seld**

Reykjavíkurvegur 64,
220 Hafnarfjörður. Sími: 565-5566

Öll viðgerða/varahluta og uppsetningaþjónusta fyrir hendi

www.sturta.is allan sólarhringinn!



Fjármálakerfi heimsins verður vísast aldrei samt.

Bankahrunið

BJÖRN INGI HRAFNSSON SKRIFAR

Leiðtogar fimmtán Evrópuríkja sem hafa evruna sem gjaldmiðil funduðu í París um helgina. Fundarefnið var vitaskuld sú ótrúlega fjármálakreppa sem nú ríður yfir heimsbyggðina og brennir upp verðmætum með meiri hraða en áður hefur sést. Sterkustu fjármálastofnanir veraldar ríða nú til falls, séu þær ekki þegar fallnar. Telji menn að ástandið einskorðist við Ísland og sé bundið misheppnaðri útrás örfárra manna, vaða þeir í villu og svíma.

Breska ríkisstjórnin undirbjó þjóðnýtingu þriggja til fjögurra risastórra fjármálastofnana í nótt sem leið. Breskir fjölmiðlar eru nú að átta sig á að það veitti skammvinnan yl að ráðast að Íslandi og íslenskum bönkum; þeirra eigin bankar falla nú hver um annan þveran. Stóryrtar yfirlýsingar og beiting hryðjuverka-laga gegn Landsbankanum þar í landi hafa vakið furðu víðar en hér á landi og niðurstaðan er minnkandi traust í garð breska fjármálakerfisins, gengisfall pundins og flótti erlends fjármagns frá landinu. Breskur almenningur tekur út sparifé sitt í stórum stíl, fyrirtæki halda að sér höndum. Það vill enginn lenda í sömu reynslu og Íslendingar, að góðar eignir eins fyrirtækis eins og Kaupþings séu frýstar eða keyrðar í greiðslustöðvun til þess að bregðast við skuldum annars fyrirtækis af sama þjóðerni, í þessu tilfelli Landsbankans og innlánsreikninganna Icesave. Þá reikninga og tilurð þeirra verður raunar að skoða alveg sérstaklega í framhaldinu. Telja verður augljóst að vandræðin vegna Icesave reikninganna hafi valdið íslenskum efnahag ómældu tjóni og álitshnekki á alþjóðavettvangi. Óútskýrt er, hvað hefur orðið um öll þau innlán og hvers vegna ekki var hugað að nægum tryggingum. Óvissan er ópolandi og henni þarf að eyða.

Kaldhæðni örlaganna er að Bretar hvetji nú þjóðir heims til að taka höndum saman í þeirri viðleitni að bjarga bönkunum. Þeir höfðu ekki sömu áhyggjur þegar þeir keyrðu Kaupþing í þrot. Nú er rætt um að endurfjármagna banka í vandræðum, tryggja ný lán til allt að fimm ára í millibankaviðskiptum til að veita fjármálastofnunum nægilegt súrefni svo þær fái lifað. Sams konar aðgerðir voru til umræðu á fundi leiðtoga helstu iðnríkja heims og hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í Washington.

Krisan er þess vegna jafn alþjóðleg og frekast getur verið. Hún er hins vegar dýpri og sársaukafyllri hér á landi fyrir margra hluta sakir. Við fórum of geyst, steiptum okkur í allt of miklar skuldir og gættum ekki nægilega að undirbyggingunni. Útrás góðra fyrirtækja, sem var mestmegnis fjármögnuð með lánsfé, reyndist hættuspil þegar lánamarkaðir lokuðust í einu veffangi. Þá gjöldum við fyrir veikan gjaldmiðil við þessar aðstæður sem ekkert veitir skjólið fyrir vondum veðrum úr öllum áttum. Sveiflurnar magnast um allan helming og er nú svo komið að ástandið í gjaldeyrismálum einkennist af höftum, skömmtun og miðstýringu eins og aftan úr fornöld.

Af öllum þessum sökum er algjörlega nauðsynlegt að semja nú þegar við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um neyðaraðstoð. Hér má ekki frekari tíma missa. Fregnir helgarinnar benda til að fleiri lönd sjái nú fram á sama hrun og einkennandi síðustu viku í íslensku viðskipta og efnahagslífi. Þau ríki munu þá fljótlega einnig leita á náðir sjóðsins. Við verðum að vera á undan, því fyrr því betra, svo við getum hafið endurreisnina.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÐAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal jk@frettabladid.is og Þorsteinn Pálsson thorsteinn@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðtölum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Íssn 1670-3871

STOÐKENNARINN.IS

- ISLENSKA
- ENSKA
- STARÐFRÆÐI
- TÖLVUNAM

Einföld leið fyrir 14 - 17 ára unglinga sem vilja bæta námsárangur sinn.

Skemmtileg og gagnvirk námskeið á netinu!

„Kæri Stoðkennari! Pabbi hótar að segja upp áskriftinni ef ég hætti ekki að leiðrétta hann. Geturðu hringt í hann og útskýrt fyrir honum gildi menntunar?“

www.stodkennarinn.is

Hver er maðurinn?

Kjartan Gunnarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, segist fráleitt hafa verið að gagnrýna sinn gamla vopnabróður Davíð Oddsson þegar hann sagði í ræðu á flokksráðsfundi á laugardag að Ísland þyrfti ekki á leiðtoga að halda sem uppfendi menn, léti mál snúast um sjálfan sig og kallaði fólk óreiðumenn. Eðlilega hafa menn spurt sig til hvaða leiðtoga Kjartan var að vísa, fyrst gagnrýni á Davíð var ekki á dag-skránni. Gárungar, sú bragðvíska þjóðfélagsstétt, hafa gert því skóna að grunur beinist fyrst og fremst að tveimur aðil-um: Annars vegar Ragnari Reykás, og hins vegar Eiríki Fjalari. Vissulega eru báðir leiðtogar á sínu sviði,



Fjórtán faðmlög

Þrátt fyrir mikla og oft á tíðum beitta kímniáfu er ólíklegt er að sjónvarps-maðurinn og ofurbloggarinn Egill Helgason líti á sjálfan sig sem gárung. Líklegra er að hann telji sig skór ofar gárungum í virðing-arstiga samfélagsins, rétt eins og hann þrætti fyrir að tilheyra stétt bloggara á

bloggsíðu sinni fyrir fáum árum. Að minnsta kosti fer lítið fyrir gárungaskap hjá Agli þegar hann bloggar um faðm-lag Kjartans Gunnarssonar og Geirs H. Haarde að lokinni umdeildri ræðu Kjartans á flokksráðsfundinum: „Kjart-an er einn af stjórnendum Landsbank-ans, einn þeirra sem kom bankanum í þrot og ber ábyrgð á stórkostlegu fjárhagstjóni bæði einstaklinga og þjóðarþúsins. Er þetta faðmlag þá alveg víðeigandi fyrir forsætisráðherra Íslands?“ bloggar Egill, og spyr að endingu hvort Geir ætti kannski að einbeita sér að því að faðma einhverja aðra en gamla klíku-bræður, sem hafa flotið ofan á í skjóli flokkshagsmuna og enginn treystir lengur, þessa dagana.

kjartan@frettabladid.is

Fé án hirðis

Ég hef heyrt virta hagfræðinga tala um að yfirtakan á Glitni hafi verið mesta axarskaft Íslandssögunnar. Ég hef líka heyrt virta hagfræðinga segja að hún hafi engu breytt.

Hvernig á ég að geta dæmt um það? Ég veit bara að íslenska efnahagsundrið var banvæn blanda af græðgi og greddu, valdasýki, drambi, barnaskap og vanþekkingu, menntunarskort, oflátungshætti og brengluðum hugmyndum um eitthvert útrásareðli, gott ef ekki víkings-eðli.

Við töpuðum

Lettar eru glæpamenn. Portúgalir eru hnífamenn. Skotar eru niskir. Ítalir eru mafíósar. Frakkar eru ástsjúkir, Danir ligeglad en Svíar áhyggjufullir. Og Íslendingar? Það fór aldrei svo að það tækist ekki að koma okkur á kortið: Íslendingar eru fjárglæframenn.

Við þurfum samt ekki endilega að trúa þessu sjálf. Íslendingar voru til dæmis aldrei víkingar. Þeir höfðu hins vegar vald á orðinu – þeir voru pappírsvíkingar, unnu afrek sín á kálfskinn og engin þjóð komst í hálfkvisti við þá í hug-kvæmni við að búa til flókna bragarhætti og smjaðra fyrir konungum. Íslendingar kunnu líka snemma að sveipa sig dulúð: seldu útlendingum til dæmis hagstæðan byr og þóttust komnir af konunga-kyni. Þeir réðu yfir Sögunni, voru dýraverðir Orðstírs - stjórnðu eftirmælum konunga.

Og þeir sem mest töluðu um að þeir væru að endurtaka strand-högg víkinga á Englandi höfðu kannski mátt rifja upp hvernig fór síðast þegar slíkt var reynt – árið 1066 þegar Haraldur konungur harðráði féll í orrustunni við Stafnfurðubryggju eða Stamford Bridge – alltso: við töpuðum.

Og núna? Þó að kannski megi segja að Íslendingar hafi látið eins



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

Í DAG |Efnahagsástandið

og verðbréfavillmenn þá er hitt ofmælt að í þeirri framgöngu allri hafi endurpeglast eitthvert sérstakt Íslendingseðli sem okkur beri öllum að taka til endurskoðun-ar nú þegar allt er í kaldakoli eftir þessa tuttugu karlmenn sem eru helstu leikendurnir í þessu hroðalega leikriti. Vestur-Íslend-ingar – afkomendur þeirra sem héðan fóru fyrir aldamótin 1900 hafa alla tíð verið þekktir fyrir varfærni og aðsjálni í fjármálum, sparsemi sem jaðrar við nisku. Þeir hafa haft í heiðri önnur gildi en hér urðu smám saman ríkjandi. Hvar er víkingseðli þeirra?

Svo ég tali fyrir sjálfan mig: Ég harðneita að líta í eigin barm; í mér er ekki snefill af útrásareðli – ekki frekar en öðrum almenningi.

Hver er sinnar gæfu smiður?

En aðrir ribbaldar fengu að vaða uppi: Stjórnleysingjarnir, mark-aðstrúfflin. Þeir eru kallaðir frjálsbyggjumenn og jafnvel ný-frjálsbyggjumenn en það er alltof fallegt orð frelsið að spandera því á þessa stefnu sem aðhyllist aðeins frelsið til yfirgangs og dýrkar óhófíð og ofstopann. Það tók vestræn ríki 70 ár að gleyma því hvernig kapítalisminn virkar. Mikilvægasta lexían af þessum hamföllum hlýtur að vera að koma á fót raunveruleg fjármálaeftirliti hér á landi.

Munum við ekki öll einn ötulasta talsmann anarkistanna Pétur Blöndal þegar hann hamraði á því

að bankar í almannaægu væru fé án hirðis? Hann átti við að bankar þyrftu að vera í einkaeigu samkvæmt þeirri hugmyndafræði að enginn sinni því sem honum er trúað fyrir en ávaxti hins vegar það sem hann eigi sjálfur. Og þar liggja hagsmunir fjöldans – í græðgi forstjórans.

Purfum við að ræða þetta eitthvað frekar? Hvað kom út úr einkavæðingu bankanna? Jú akkúrat: það var hætt að hirða um fé þess fólks sem trúði bönkunum fyrir sparnaði sínum. Í öllum bönkunum hélt að vísu áfram að starfa hæft og gott starfsfólk sem sinnti af virðingu og alúð þörfum viðskiptavina sinna en því miður verður hið sama ekki sagt um þá herra settu eða eigendurna sem umgengust þetta fé vægast sagt af léttuð. Með öðrum orðum: ástandinu eins og það var eftir einkavæðingu bankanna verður í rauninni ekki betur lýst en einmitt með frasa Péturs Blöndal: fé án hirðis.

Annar kunnur stjórnleysingi Hannes H. Gissurarson hljómar nú ískyggilega mikið eins og trotskí-istarnir gerðu í mínu ungðæmi: hugmyndin er rétt og algild, en útfærslan er bara hvergi eins og hún á að vera. Á Hannesi er að skilja að upphaflega sé kreppan demókrötum í Bandaríkjunum að kenna og ráð hans er að minnka reglugerðir: meira stjórnleysi – nema hvað.

En þó að Hannes líti á Markað-inn eins og hann sé Guð Almáttug-ur sem hljóti að komast alltaf að réttri niðurstöðu sé hann bara látinn í friði þá lítur hann og skoðanabræður hans svo á að við – íslenska þjóðin – séum villuráfandi sauðir og þurfum sterkan hirði: Davíð Oddsson.

Ég held að flestir landsmenn gætu tekið undir þá ósk að við fáum að vera fé án nákvæmlega þess hirðis.

Ísland og IMF

UMRÆÐAN

Gunnar Tómasson skrifar um efna-hagsmál

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (IMF) var stofnaður 1945 til „að efla alþjóðlega samvinnu í peningamálum“ og vera vettvang-ur fyrir „ráðaleitun og samstarf“ við stjórn slíkra mála. Ísland hefur verið aðili að sjóð-num frá upphafi og átt gott samstarf við hann.

Hagkerfi heims hefur gjörbreyst síðan 1946 og hið sama gildir um viðfangsefni IMF innan þess ramma sem var markaður í upphafi. En IMF hefur vitaskuld orðið á mistök. Til dæmis er aðstoðandi kollsteypa í alþjóðafjármálum áfellis-dómur yfir ýmsum hugmyndum nýfrjálsbyggju sem hafa mótað starf og stefnu IMF og Alþjóðabankans um langt árabíl en hljóta nú að verða endurskoðaðar.

Fyrir helgi taldi Geir Haarde ólíklegt að Ísland myndi leita aðstoðar IMF en útilokaði það ekki. Ef til kæmi myndi aðstoðin felast í (a) gjaldeyrisláni til nokkurra ára og (b) ráðgjöf í peninga-, ríkisfjár- og gengismálum með endurheimt jafnvægis í hagkerfi



GUNNAR TÓMASSON

Íslands innan 3-5 ára að markmiði. Sendi-nefnd IMF sem heimsótti Ísland 2006 tók djúpt í árinna varðandi stefnu stjórnvalda í peningamálum og sagði útlánabenslu bank-anna vera hrikalega (staggering). Í Morgun-blaðsgrein 30. maí 2006 (Hvar liggur ábyrgð-in?) vék höfundur að umsögn IMF sem hér segir:

„Undirritaður starfaði sem hagfræðingur hjá IMF um nær aldarfjórðungsskeið en minnst þess ekki að hafa nokkurn tíma séð hagfræðinga IMF nota jafn sterkt orð og „staggering“ til þess að lýsa útlánabenslu viðskiptabanka í aðildarríki. Samkvæmt leikreglum þar á bæ er oft ritað og lesið milli lína það sem segja þarf. Það fer því ekki fram hjá neinum í IMF hvað sendinefndinni finnst um verðbólguhorfur á Íslandi – þær eru „staggering“.“

Ef stjórnvöld hefðu gefið aðvörun IMF gaum og gert víðeigandi breytingar á peninga-, ríkisfjár- og gengismálum væri staðan núna betri en hún er. Eins má telja fullvíst að ofangreind aðstoð IMF myndi reynast íslenskri þjóð happadrjúg á komandi tíð.

Höfundur er hagfræðingur.



BASTMOTTUR eru yfirleitt drappaðar en þær eru þó fánlegar í öllum regnbogans litum og einnig með áprentuðu mynstri. Samkvæmt bókinni *Queer Eye For The Straight Guy* eru þessar hrjúfu undirtyllur úr náttúrulegum trefjum rakin og ódýr leið til að skapa herbergjum klassa og stemningu.

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447

Patti lagersala

VERÐHRUN

Bjóðum 10 hornsófa 4 mismunandi áklæði

aðeins 99.900 kr.
verð áður 186.900

landsins mesta úrval af sófasettum - yfir 200 tegundir

Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opnunartími : Mánudaga - Föstudaga frá 9 til 18 og Laugardaga frá 11 til 16





Valgeir Sigurðsson tónlistarmaður fann þetta iðilfagra rafmagnspíanó á ferðalagi um Ástralíu, þar sem hann tók þátt í smíðju með öðrum tónlistarmönnum.

Safngripur úr langferð

Hljóðfæri eru undrasmíð og oftast undurfrið. Valgeir Sigurðsson tónlistarmaður og upptökustjóri fann eitt skínandi fallegt undir þykku ryklagi í vöruhúsi yfirgefinnna orgela, í sólbökuðu landi andfætlinga.

„Ég fann þetta rafmagnspíanó fyrir rælni á bak við rykfallið drasl í orgelbúð í Melbourne í Ástralíu þegar ég var þar á ferð árið 2002. Þá var það í mikilli niðurníðslu og ekki til sölu, en ég sannfærði menn um að ég ætlaði mér að kaupa það og láta senda heim til Íslands. Það gekk eftir, Ástralarnir gerðu það upp glæst sem nýtt og sex mánuðum síðar var það komið heim,“ segir Valgeir, inntur eftir þeim innanstokksmun sem honum er kærastur heima.

„Rafmagnspíanóið er í senn fal-

leg mubla og frábært hljóðfæri. Það er af tegundinni Wurlitzer og var gefið út í sérstakri viðhafnar-útgáfu og takmörkuðu upplagi árið 1967. Þetta er því safngripur, en í fullkomnu lagi og mikilli notkun því það hefur ratað inn á flestar plötur sem ég hef tekið upp síðan ég komst yfir það,“ segir Valgeir sem rekur upptökustúdíó við heimili sitt í Breiðholti og er nafntogaður upptökustjóri.

„Ég læt alveg vera hvað heildarpakkinn var dýr, en kaupin áttu sér stað á þeim tíma þegar krónan stóð mjög vel á móti ástralska

dollaranum og ekkert óyfírstíganlegt að fá það uppgert og hingað komið um langan veg, miðað við hvað þetta er mikill gripur,“ segir Valgeir sem á fleiri falleg hljóðfæri í sínum ranni. „Ég er óskaplega ginnkeyptur fyrir sérstökum hljóðfærum og alltaf með augun opin. Tónlistin er lifibrauð mitt og í henni vantar mann alltaf ný tæki og tól.“

Þess má geta að Valgeir gaf nýlega út sólóplötuna *Ekvílibríum*. Hann spilar í Iðnó næstkomandi föstudagskvöld á Airwaves-hátíðinni.

thordis@frettabladid.is

ALLT NÁM

Alla þriðjudaga





ALLT TIL INNPÖKKUNAR

Eingöngu sala til fyrirtækja

Opið 08.00-16.00

GRÆNN MARKAÐUR

www.flora.is info@flora.is Réttarhálsi 2 110 Rvk Sími: 535-8500

HEIMILI



ÓPARFI er að henda gömlum skókössum. Kassana er til dæmis hægt að mála í skemmtilegum litum, skera því næst út skapalón, mála þau og þrykkja á kassana svo úr verði skemmtilegt box. Í þeim má síðan geyma ýmsa muni, til dæmis skartgrip og þvíumlíkt.

HITA KUTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Ef eldhúsbordið er farið að láta á sjá er heillaráð að hressa upp á það. Ef borðið er ekki gert úr málm getur verið bæði falllegt og hagkvæmt að flísaleggja það. Þá er mikilvægt að nota vatnspolið lím og fylla vel á milli flísa, þá minnkar viðhaldið. Veggklæðning úr sama efni fyrir ofan vask fer einkar vel.

500 hollráð:
handbók heimilisins

Viðskipti eru samskipti

Þegar hvert áfallið rekur annað í íslensku þjóðlífi og brimskaflar efnahagslífsins ætla alla að kaffæra gefast tækifæri til að æfa sig í æðruleysi og lífsleikni á erfiðum tímum með Guðs þekkingu að vopni.

„Við ákváðum að halda námskeið um lífsleikni og meðhöndlun efnislegra gæða vegna þess að lífið er áhugavert og lífsleikni mikilvæg í öllum aðstæðum. Jafnt í góðæri sem hallæri,“ segir séra Bjarni Karlsson sóknarprestur í Laugarneskirkju, sem næstu fjögur þriðjudagskvöld stendur fyrir fræðslukvöldum undir kjörorðinu Hagkvæmur rekstur og heimasæla: um aðferðir til að lifa spart en vel.

„Þetta eru ekki samkomur þar sem fólk snýtir sér yfir vesöldinni heldur kemur það saman á jákvæðum, uppréttum forsendum og eflir sig í lífsleikni, æðruleysi og raunsærri lífsafstöðu, sem við höfum mörg gleymt í góðærinu. Þar er mitt hlutverk að rifja upp visku trúararfsins, þar sem af mörgu stórkostlegu er að taka,“ segir séra Bjarni og leggur áherslu á að kristin trú skaffi ekki skyndplástra á svöðusár lífsins.

„Það góða við Guðs þekkingu er hagnýting og hún blekkir ekki. Það mun reynast drjúgt veganesti þegar við þurfum að tala saman þjóðfélagið upp á nýtt. Eigum við að binda það uppgjör böndum ásakana og sektarkenndar? Hvert á inntakið að vera í samskiptum þjóðarinnar við sjálfa sig og umheiminn? Þar þurfum við öll að leggjast á eitt, skila landinu til barna okkar með sæmd og víst að þar mun reynast best sú viska sem við eigum í heilagri ritningu,“ segir séra Bjarni og bendir á að nú sjáist betur en nokkru sinni að viðskipti eru samskipti, en ekki andlitslaus markaður með sálarlausum samsteypum sem hafnar eru yfir öll gildi.

„Í þeirri gegndarlausu þenslu og hraða sem við lifðum voru gild rök að segja við almenning að honum kæmu viðskipti ekki við. Þetta væri bara markaðurinn. Nú höfum við staðfest fyrir augum okkar að veru-



Séra Bjarni Karlsson í Laugarneskirkju minnir fólk á visku heilagrar ritningar á erfiðum tímum, kennir lífsleikni og æðruleysi og heldur hagnýt fræðslukvöld fjóra næstkomandi þriðjudaga.

leikinn er einn og við öll erum aðilar að honum. Við þurfum því að svara hvernig við ætlum að byggja upp samfélag þar sem réttlæti, skilvirkni, gegnsæi og heiðarleiki ræður ríkjum,“ segir séra Bjarni sem prédikar djúpa visku Biblíunnar í fræðslu sinni.

„Ég svara hvaða viska býr á bak við fornt Faðir vorið, í orðunum „gef oss í dag vort daglegt brauð“ og hvað býr að baki trúarlegri vitneskju sem býr innra með okkur öllum. Meira að segja tryggingarfélög segja: „Heimilið er heilagt,“ sem er sannleikur, en við þurfum að ræða hvað gerir heimili að helgum vettvangi, hvort það sé á mark-

aði til kaups, og fari í súginn ef efnahagurinn riðlast? Nú er því tími til að enduruppgötva heimilið sem helgidóm og að matur á diskum er gjöf en ekki gróði, eins og lífið sjálft. Þetta veit heilbrigð skynsemi. Ekki Guðsordagjálfur heldur hagnýt Guðsþekking, sem er harð praktísk í glímu okkar við veruleikann og lífið þegar við þurfum að standa í fæturna og höfum ekki góðæri til að halda okkur á floti. Þá er gott að rifja upp þætti tilverunnar sem raunverulega eru undirstaða hamingju og farsældar.“


Sjá nánar á www.laugarneskirkja.is.
thordis@frettabladid.is

Kjarni málsins Ekkert viðhald



Gluggar, hurðir, svalahurðir og sólstofur úr viðurkenndu PVC-U hágæða plastefni hafa einstakt einangrunargildi. Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla. Sparaðu tíma, leitaðu tilboða.

gluggar@kjarnagluggar.is



ANGELINGASTOFA E. BACKMAN



Kjarnagluggar

Selhellu 13, Hafnarfirði • sími 554 2800
kjarnagluggar.is

ALLT FÉRÐIR

Miðvikudaga og laugardaga

Meirapróf



**ÖKU
SKÓLINN
Í MJÖDD**

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300
Næsta námskeið byrjar 15. október



Telma Róbertsdóttir
Löggiltur fasteignasali

Fasteign er góð fjárfesting!

Erum með íbúðir á skrá með góðum leigusamningum.

Nánari uppl. í sínum 511 5005 og 899 5611



... það borgar sig!

HÚSIN Í BORGinni • Klapparstíg 5 • 101 Reykjavík • Sími 511 5005 • www.husin.is

fasteignir

13. OKTÓBER 2008

Ertu í húsnæðis hugleiðingum?

Eru breytingar í vændum?

Þarftu hentugra húsnæði?

Vantar stærra húsnæði?

Sími sölumanna er 535 1000



Stakfell

Grunnur að góðu lífi

Fasteignasala íbúðarhúsnæðis • Lágmúli 7 • 108 Rvk.



Húsið, sem er staðsett í Útsýnishverfi, skilast fullklárað að innan sem utan.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Öruggir fjárfestingakostir

- Atvinnufasteignir í öllum stærðum
- Erum með fjárfesta
- Áratuga reynsla

Hafið samband við sölumenn okkar
og fáið nánari upplýsingar.

S: 590 7600



Stóreign

Fremstir í atvinnufasteignum

Fasteignasala • Atvinnuhúsnæði • Lágmúli 7 • 108 Rvk.

Fínt fyrir fjölskylduna

RE/MAX í Reykjanesbæ er með til sölu fullklárað fimm herbergja einbýlishús í Útsýnishverfi í Grænásbrekku.

Húsið, sem er annað húsið frá horni í næstefstu götu hverfisins, skiptist niður með eftirfarandi hætti: Forstofu með skápum. Þaðan er gengið í geymslu yfir í bílskúr. Þvottahús inn af geymslu. Hjónaherbergi með gluggum á tveimur hliðum og fataherbergi með hurð að þvottahúsi, sem auðveldar þrif í alla staði.

Því næst í barnaherbergi við

hlið hjónaherbergis, hugsað fyrir ungbörn eða sem skrifstofa. Annað barnaherbergi, sem er forstofuherbergi. Þriðja barnaherbergið, sem er inn af holi við hlið seinna barnaherbergis. Gestasalerni, staðsett í holi þegar gengið er inn úr forstofu. Eldhús, sem er opið við stofu og borðstofu. Gert er ráð fyrir eyju og rennihurð út í garð. Baðherbergi í svefnherbergisálmunni. Sjónvarpshol í lokuðu svefnherbergisálmunni. Bílskúr með mahóni bílskúrshurð.

Húsið skilast fullklárað að innan sem utan. Þó mun lóð vera grófjöfnuð. Þess skal getið að grindin er sex tommur í stað fimm

eins og lágmarkið er. Krossviðurinn sem notaður er til að klæða húsið er fimmtán millimetrar, síðan er flísalagt utan á það. Vegg-hæð hússins að utan er 3,64 metrar. Allir gluggar og hurðir eru úr mahóni.

Húsið er í aðeins sextán mínútna akstursfjarlægð frá Hafnarfirði og í nálægð við Þjónustukjarnann á Fitjum; þar er Hagkaup, Bónus, Húsasmiðjan, Blómaval, Bakarí, BT, Gallery Kjöt og Fiskisaga.

Allar frekari upplýsingar um eignina veita Sigurður í síma 693-2080 - siggi@remax.is og Gunnar Björn í síma 844-0040 - gbb@remax.is



Á ils.is getur þú:

- Gengið frá greiðslumati
- Sótt um íbúðalán
- Sótt um lengingu og styttingu á lántíma

Önnur þjónusta á ils.is:

- Bráðabirgðamat
- Ýmsar reiknivélar
- Netsamtal við ráðgjafa
- Umsókn um rafrænar afborganir lána

Kynntu þér lánakjörin á ils.is

Greiðslumat

Þú getur sjálfur gert greiðslumat á netinu. Ef þú þarft að aðstoð að halda geturðu hringt í okkur, komið á staðinn og hitt ráðgjafa okkar eða haft samband á netinu.

Lánsúmsókn

Þegar þú hefur fundið draumaíbúðina sækir þú um lánið á www.ils.is. Lánið er afgreitt á fjórum virkum dögum.

Íbúðalánasjóður fyrir alla

www.ils.is

Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900, 800 6969



Íbúðalánasjóður

Komdu peningunum þínum

í öruggt skjól í nýrri eign



Lundur 1-3



Langalína 9-11



Jónshús



17. júní torg

GLÆSILEGAR SÝNINGARÍBÚÐIR
– hafðu samband og við aðstoðum þig við að finna íbúðina þína

Kynntu þér eignir á sölu hjá Bygg á heimasíðu þeirra, bygg.is
Lundur • Langalína • Jónshús • 17. júní torg

Hafið samband við söluaðila og bókið skoðun.

FJÁRFESTING
FASTEIGNASALA ehf.
Sími 562 4250
www.fjarfesting.is
BORGARTÚNI 31
Hilmar: 896 8750

Akkurat
FASTEIGNASALA
STÓRHÖFÐI 27
Sími 594 5000
akkurat.is
Viggó: 824 5066

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
Öðlingsgötu 4 • S. 570 4500
Jón Guðmundsson, lögg. fasteignasali

Glæsilegar,
vandaðar íbúðir

- Vandaðar innréttingar úr eik frá Brúnás
- Innihurðir og flísar frá Agli Árnasyni
- AEG eldhústæki frá Ormsson
- Gólfhiti í baðherbergi
- Álklæðning utanhúss

FAGMENNSKA
METNAÐUR
REYNSLA

BÚUM
BETUR



www.bygg.is

Búseti auglýsir

Pverholt 13 íbúð: 101
270 Mosfellsbær

2 herb. 73,3 m²
Almennt lán



Afhending að ósk eiganda:
Laus strax

Búseturéttur - hámarksverð: 2.038.611 -kr
Búseturéttur - lágmarksverð: 1.485.293 -kr
Búsetugjald: 96.473 -kr

Gvendargeisli 17 íbúð: 502
113 Reykjavík

2 herb. 60,2 m²
Almennt lán



Afhending að ósk eiganda:
Laus skv. samkomul.

Búseturéttur - hámarksverð: 1.823.224 -kr
Búseturéttur - lágmarksverð: 1.823.224 -kr
Búsetugjald: 109.479 -kr

Gvendargeisla 17 íbúð: 201
113 Reykjavík

3 herb. 79,1 m²
Almennt lán



Afhending að ósk eiganda:
Laus skv. samkomul.

Búseturéttur - hámarksverð: 2.735.591,-
Búseturéttur - lágmarksverð: 2.735.591,-
Búsetugjald: 113.053,-

Gvendargeisli 17 íbúð: 204
113 Reykjavík

4 herb. 96,0 m²
Almennt lán



Afhending að ósk eiganda:
Strax

Búseturéttur - hámarksverð: 3.538.988 -kr
Búseturéttur - lágmarksverð: 3.538.988 -kr
Búsetugjald: 134.961 -kr



Eigum lausar vandaðar leiguíbúðir að
Berjavöllum 4 í Hafnarfirði, 3ja
herbergja með þvottavél, þurrkara,
uppbvottavél, ísskáp og örbylgjuofni.
Mánaðarleiga **136.917,-** allt innifalið
nema eigið rafmagn og innbústrygging.

Umsóknarfrestur til 14. okt. - úthlutun. 15. okt.

fyrirvari er um mögulegar prentvillur og breytingar á verði



Búseti hsf.

Skeifunni 19, 108 Reykjavík • Sími 520 5788
www.buseti.is • Netfang buseti@buseti.is

Til leigu

Stangarhylur Reykjavík.

90fm skrifstofuhúsnæði á annari hæð. Hægt að
skipta í tvö bil. Verð 120 þúsund á mánuði.

Hlíðarvegur Kópavogi.

Til leigu ca 180 fm verslunarhúsnæði á fyrstu hæð.
Þarf að innrétta. Góð bílastæði. Verð samkomulag.

Lyngás Garðabæ.

Til leigu ca 385 fm. iðnaðarhúsnæði. Tvær mjög
stórar og háar innkeyrsludyr, mjög mikil lofthæð.
Verð 1.250 krónur per. fm.

Bæjarlind Kópavogi.


Til leigu ca 200 fm. skrifstofuhúsnæði á efstu hæð.
Gífurlegt útsýni. Verð 330 þúsund per. mán.

Upplýsingar í síma 895-8299 og 847-1986.

Öldugata 48

220 Hafnarfjörður
Á besta stað í Firðinum

Stærð: 88 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1961
Brunabótamat: 15.750
Bílskúr: Nei



Bókaðu skoðun í s. 692 1649

Verð: 20.500.000

Komið inn í forstofugang. 3 svefnherb. 2 rúmgóð með innbyggðum skápum og eitt lítið með lausum skáp.
Baðherbergið með opnanlegum glugga, baði og sturtu. Eldhús með hvítri viðarinnréttingu og rúmgóðum
borðkrók, uppbvottavél og ísskápur fylgja. Stofan er rúmgóð með suðurglugga og útgengi á svalir. Á
gólum er nýtt parket á stofu, borðstofu og eldhúsi, en eldra parket á herbergjum og gangi, dúkur á
baðherb. Í sameign er geymsla íbúðar, þvottahús og hjólageymsla. Stutt er í skóla og leikskóla.

RE/MAX
Skeifan

Ólafur Geir
Sölufulltrúi
6921649
olageir@remax.is



Elisabet Agnarsd.
Lögg. fasteignasali

elisabet@remax.is



RE/MAX Skeifan - Faxafen 8 - 108 Reykjavík - Sími: 412 3400 - www.remax.is




Fjarðargötu 17
Hafnarfirði
Sími 520 2600
Fax 520 2601
Netfang: as@as.is
www.as.is

Opið virka daga
kl. 9-17

ELDRI BORGARAR



HERJÓLFSGATA - EFSTA HÆÐ Sérlega glæsileg 2-3 herbergja 96 fm íbúð á efstu hæð. Mikil loft hæð. Glæsilegt útsýni. Staði í bilageymslu. **Verð 32,9 millj.** 7886



MJÓSUND - SKIPTI Á EIGN ÚTI Á LANDI Fallegt talsvert ENDURNÝJAD EIBÝLI á frábærum stað. SKIPTI MÖGULEG Á EIGN ÚTI Á LANDI. **Verð 28,7 millj.** 7432

HÆÐIR



LINDARBERG - EFRI SÉR-HÆÐ Góð efri sérhæð í tvíþýli m/innb. bílsk. á fráb. stað í Setberginu. 5 svefnh. **Verð 43,9 millj.** 7343



SUÐURBRAUT Falleg 100,9 fm 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í góðu litlu fjölbýli á góðum útsýnisstað. 3 möguleg 4 svefnherbergi. **Verð 23,5 millj.** 7539



KELDUHVAMMUR - ÚTSÝNI Falleg 86,7 fm 3ja herbergja risibúð í góðu þríþýli á góðum og rölegum út-sýnisstað. **Verð 17,9 millj.** 7766



ÁRNASTÍGUR - LAUST STRAX NÝLEGT og GLÆSILEGT 133 fm ENDARADHÚS á einni hæð með BÍLSKÚR, á rölegum stað í nýlegu hverfi. **Verð 24,9 millj.** 7606



HERJÓLFSGATA - GLÆSILEGT ÚTSÝNI Nýleg afar vönduð og glæsileg 131 fm 3ja til 4ra herb. íbúð á 3.hæð í glæsilegu lyftuhúsi á besta stað. **Verð 44,9 millj.** 7356



DREKAVELLIR - SKIPTI MÖGULEG Fallegt 183 fm einþýli á einni hæð ásamt 30 fm bílskúr, samtals 213,8 fm Skilast fullbúð að utan og tæplega tilb. til innr. að innan. LAUST STRAX. **Verð 42,9 millj.** 7351



STEKKJARHVAMMUR - HAFNARFJ. Björt og falleg 2ja herb. 71,5 fm endaíbúð í raðhúsa-lengju, á jarðh. Baðherb. allt endum. m/hombaðkari. **Verð 19,2 millj.** 7402



STEKKJARBERG Falleg 4ra herbergja ENDAÍBÚÐ á 3. hæð í litlu fjölbýli á góðum stað neðst í Setberginu. **Verð 24,6 millj.** 7297



HRINGBRAUT - 3JA TIL 4RA Herb. Falleg talsvert endurnýjuð 80,0 fm 3ja til 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í góðu tví-/fjörbýli á góðum stað í suðurbænum. **Verð 19,9 millj.** 7439



SUÐURHÓP 1 - 50 ÁRA OG ELDRI NÝLEG, SÉRLEGA FALLEG 123,9 fm 3ja herb. ENDAÍBÚÐ Á 2. hæð, ásamt STÆÐI í BÍLAG. í nýl. LYFTUHÚSI. **Verð 27,2 millj.** 7500

EINBÝLI



HÁTÚN - ÁLFTANES Gott 207 fm einþýli á einni hæð á góðum stað. 5 svefnherb. **Verð 53,9 millj.** 7688



FAGRAKINN - SKIPTI Á MINNI EIGN Virðulegt og vel við-haldið 194,7 fm EINBÝLI á 3 hæðum, ásamt 41,0 fm BÍLSKÚR, samtals 235,7 fm **Verð TILBOÐ. SKIPTI MÖGULEG Á MINNI EIGN.** 7316



BREIÐVANGUR - SÉRHÆÐ Falleg 134,5 fm EFRI SÉRHÆÐ, ásamt 32,1 fm BÍLSKÚR, samtals 166,6 fm í tvíþýli á góðum og rölegum stað í Norðurbænum. SÉRINNGANGUR. **Verð 38,0 millj.** 7674



LYNGMÓAR - GARÐABÆ - MÆÐ BÍLSKÚR Falleg 113 fm 4ra til 5 herb. ENDAÍBÚÐ á 2. hæð m/BÍLSKÚR í góðu 6 íbúða húsi í HJARTA GARÐABÆJAR. **Verð 28,7 millj.** 7250



SUÐURGATA Falleg 65,3 fm 3ja herbergja sérhæð á jarðhæð í góðu þríþýli á rölegum og góðum stað í miðbænum. **Verð 16,9 millj.** 7405



HEIÐARHRAUN Sérlega fallegt og mikið endurnýjað 146,3 fm EINBÝLI á einni hæð, ásamt 44,3 fm BÍLSKÚR, eða samt. 190,6 fm Möguleg 5 svefnherb. **Verð 31,9 millj.** 7450



TÚNGATA - ÁLFTANES Fallegt velviðhaldið 134,7 fm einþýli á einni hæð, ásamt 34,4 fm bílskúr, samtals 169,1 fm á góðum og rölegum stað. **Verð 47,5 millj.** 7817



GUNNARSSUND - LAUST STRAX Fallegt 127 fm einþýli á frábærum stað í miðbæ Hfj. 3 sv.herb. Verönd, svalir og fallegur garður. **Verð 32,4 millj.** 7051



ÖLDUSLÓÐ - m/BÍLSKÚR Falleg 129,7 fm NEÐRI SÉRHÆÐ, ásamt 22,2 fm BÍLSKÚR í góðu þríþýli, gengið innaf götu. Nýtt rafmagn og legalíðatafla. Ný innrétting í eld-húsi, stáltæki. **Verð 35,8 millj.** 7658



KÓRSALIR - KÓP. Sérlega falleg 163,6 fm endaíbúð á jarðhæð m/stæði í bilageymslu. 4 sv.herb. **Verð 39,0 millj.** 6283



SUÐURBRAUT - ÚTSÝNI Falleg 65,5 fm 2ja herbergja íbúð á 3ju hæð í litlu fjölbýli. Parket og flisar á gólfum. Fallegt útsýni. **Verð 18,2 millj.** 7845



MARARGATA - ÚTSÝNI Fallegt einþýli á einni hæð, 142,9 fm og bílsk. 49,6 fm, samt. 192,5 fm Rölegur og góður staður. **Verð 28,2 millj.** 7403



FÍFUMÝRI - GARÐABÆR Sérlega fallegt og vandað 227,7 fm EINBÝLI á tveim hæðum, ásamt 40,1 fm TVÖFALDUR BÍLSKÚR, á góðum og skjólgóðum stað. 7773



PRÚÐVANGUR - LAUST STRAX Fallegt 233,4 fm einþýli m/bílskúr innst í botnlanga við hraunjaðarinn. 5 sv.herb. Stór sólarverönd. **Verð 66,0 millj.** 6896



SUÐURGATA - m/BÍLSKÚR Björt og vel skipul. 171 fm hæð m/bílskúr í fjörbýli. 4. sv.herb. SV-svalir. **Verð 34,9 millj.** Góð eign. 7553



BIRLIHOLT - ÁLFTANES NÝLEGT OG FALLEG 95,1 fm 3ja herb. ENDAÍBÚÐ á 2. hæð í nýlegu fjölbýli. SÉRINNG. **Verð 24,9 millj.** 7905



ESKIVELLIR 5 - LYFTUHÚS LAUS STRAX NÝLEG GLÆSILEG 76,9 fm 2ja herb. íbúð á 4. hæð FRÁBÆRT ÚTSÝNI. **Verð 20,5 millj.** 7780



BORGARHRAUN - MÖGUL.TVÆR ÍBÚÐIR GLÆSILEGT MIKIÐ ENDURNÝJAD 113,6 fm EINBÝLI á einni hæð, ásamt 51 fm BÍLSKÚR og 33,1 fm SKÁLI, eða samtals 197,7 fm. **Verð 36,8 millj.** 4660



PINGVAÐ - NÝTT OG GLÆSILEGT Nýtt sérlega fallegt 217,9 fm einþýli á einni hæð, ásamt 34,3 fm bílskúr, samtals 252,2 fm á góðum stað. Vandaðar innréttingar, tæki, gólfefni og fl. 7769



MÓABARÐ - FALLEGT ÚTSÝNI Fallegt 148 fm einþýli m/bílskúr á rölegum og góðum útsýnisstað. Allt að 4 sv.herb. **Verð 36,9 millj.** 6870



ÖLDUSLÓÐ - ÚTSÝNI Falleg 154fm EFRI SÉRHÆÐ OG RIS í tvíþýli, ásamt 29 fm BÍLSKÚR, samt. 183 fm á góðum útsýnisstað. **Verð 34,9 millj.** 7368



HRÍSMÓAR - LYFTUHÚS Falleg íbúð í þessu vinsæla lyftuhúsi rétt við nýja miðbæinn. Tvennar svalir. Glæsil. útsýni. **Verð 23,5 millj.** 7882



HÓLABRAUT - LAUS STRAX Góð 77,4 fm 2ja til 3ja herb. íbúð á 2. hæð í litlu fjölbýli á góðum stað. LAUS STRAX. **Verð 17,2 millj.** 7731



EFSTAHAUN Fallegt talsvert endurnýjað samtals 190 fm EINBÝLI á einni hæð, bílskúrin er 46 fm. **Verð 29,5 millj.** 7288



HRINGBRAUT Nýlegt og glæsilegt 203 fm einþýli á tveimur hæðum, ásamt 40 fm bílskúr, samt. 243 fm 4 herbergi. Húsið er vel staðsett í hjarta Hafnarfjarðar, mikil veðursæld, stórar svalir. **Verð 62,9 millj.** 7555



RAÐ- OG PARHÚS Sérlega fallegt fullbúð 169 fm PARHÚS á 2 hæðum, ásamt 36,0 fm BÍLSKÚR. **Verð 49,9 millj.** 7820



STRANDVEGUR - GARÐABÆ Glæsileg 127 fm íbúð ásamt stæði í bílskúli. Þrjú herb. og stórar stofur. Fjölskylduvæn staðsetning. 7906



ÁLFHOLT - SÉRINNGANGUR Falleg 95 fm 3ja herb. neðri sérhæð í klasahúsi á rölegum stað. SÉRINNGANGUR. **Verð 22,9 millj.** 7884



ÁLFASKEIÐ - M. BÍLSKÚR Falleg talsvert endurnýjuð 63,2 fm 2ja herbergja íbúð á 4. hæð, auk 23,7 fm bílskúrs. **Verð 18,5 millj.** 7347



HÓLAVELLIR - LAUST STRAX Fallegt talsvert endurnýjuð 136,1 fm einþýli. Teikn. af 51,5 fm bílskúr. 4 sv.herb. **Verð 25,5 millj.** 7215



ERLUÁS - EINBÝLI Á 1 HÆÐ Fallegt 194 fm einþýli á einni hæð með innb. bílskúr. Góð staðsetning og stórir pallar. **Verð 62 millj.** 7516



MIÐVANGUR - ENDARADHÚS Fallegt 187 fm endaradhús á góðum stað m/bílsk. og sólst. 4 herb. Glæsil. garður. **Verð 44,9 millj.** 7770



ESKIVELLIR - RÚMGÓÐ MEÐ VERÖND Glæsileg 123 fm endaíbúð á fyrstu hæð ásamt stæði í bilgeymslu á góðum stað. Öll rými eru rúmgóð. **Verð 30,6 millj.** 7713



HJALLABRAUT - GÓÐ ÍBÚÐ Rúmgóð og björt 102 fm íbúð á 2. hæð í góðu fjölbýli. Fallegt útsýni, sér. vel með farin. **Verð 21,9 millj.** 7865



EFRAHÓP - FRÁBÆRT ÚTSÝNI Glæsilegt 221 fm einþýli, ásamt 55 fm tvöföldum bílskúr, samtals 276 fm Húsið skilast nánast tilbúð til innréttinga. **Verð 54,9 millj.** 7868



MIÐDALUR Sérlega fallegt 189,8 fm einþýli á einni hæð, ásamt 37,3 fm bílskúr, samtals 227,1 fm Afh. fullbúð að utan, tæplega tilbúð undir tréverk að innan. **Verð 29,5 millj.** 7276



FJÓLUVELLIR Nýtt og fallegt 223,5 fm einþýlishús, þar af bílskúr 37,5 FM. Allt að 6 herbergi. Flott gólfefni og innréttingar. Sérlega flott og vandað hús. **Verð 55,0 millj.** 6202



STEKKJARHVAMMUR Fallegt og vel byggt 183 fm RAÐHÚS á 2 hæðum með innb. bílsk. á góðum stað. 4 svefnh. **Verð 43,5 millj.** 7617



ÖLDUGATA - m/BÍLSKÚR - LAUS STRAX GÓÐ íbúð á 2. hæð í fjölbýli m/bílskúr, samtals 105,6 fm 3 svefnherbergi. **Verð 23,6 millj.** 7648



HRÍSMÓAR - LYFTUHÚS Falleg 111,3 fm 3ja herb. íbúð á 3. hæð í LYFTUHÚSI, ásamt stæði í bilageymslu á góðum stað í miðbæ Garðabæjar. **Verð 25,9 millj.** 7767



ARNARHRAUN - LAUST STRAX Fallegt mikið endurnýjað 132,3 fm einþýli ásamt 33,9 fm bílskúr. **Verð 31,0 millj.** 7657



HEIÐARGERÐI - LAUST STRAX Mikið endurnýjað 139,2 fm einþýli. 4 sv.herb. **Verð 27,9 millj.** 9838



Kári Halldórsson, lögg. fasteignasali - Jónas Hólmgeirsson - Eiríkur Svanur Sigfússon, lögg. fasteignasali - Melkorka Guðmundsdóttir
Jón Örn Kristinsson, lögg. fasteignasali - Birna Benediktsdóttir - Laufey Lind Sigurðardóttir, lögg. fasteignasali



Stóreign

Fremstir í atvinnufasteignum s :: 590_7600



Stóreign kynnir:

Fasteignasala. Atvinnuhúsnæði. Lágmulí 7. 108 Rvk.

Þorlákur Ó. Einarsson
lökk. fasteignasali
storeign.is

Þórhildur Sandholt
lökk. og lökk. fast.sali
FAX 535 1009

Fjárfestu í fasteign



Hjá okkur eru mörg
tækifæri til fjárfestinga.
Farsæl áratuga reynsla.

Stóreign
fremstir í atvinnufasteignum



Stakfell

Grunnur að góðu lífi

Fasteignasala • Íbúðarhúsnæði • Lágmulí 7 • 108 Rvk

535_1000

Porlákur Ó. Einarsson
lökk. fasteignasali
stakfell.is

Pórhildur Sandholt
lökkfr. og lögg. fast.sali
Fax 535 1009



Funafold – Stórglæsilegt einbýlishús á sjávarlóð.

Stórglæsilegt 352.1 m² einbýli á sjávarlóð með innbyggðum tvöföldum bílskúr auk u.þ.b. 100 m² óskráðs rýmis og er því ca 450 m² að stærð. Húsið er staðsett innanlega í rölegum botnlanga og hefur það verið nánast allt endurnýjað að innan á vandaðan máta á síðustu þremur árum. Eignin skiptist í forstofu, hol, tvær stofur, sjónvarpshol, fjögur svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, geymslu og tvöfalðan bílskúr. Óskráða rýmið í kjallaranum er með mikilli lofthæð og býður upp á möguleika að hafa sér íbúð. Eignaskipti á minni eign.



Mánatún 2 - Laus strax

Þjóðum ykkur að koma og skoða þessa fallegu 102.4 fm íbúð sem er á jarðhæð. Komið er inn á parketlagt hol. Svefnherbergin eru tvö parketlögð, með skápum. Baðherbergið er flísalagt í hólfi og gólf, með sturtuklefa. Eldhúsið er með snyrtilegri innréttingu og borðkrók. Stofan er parketlögð, úr stofu er gengið út á hellulagða verönd til suðurs, með skjólvegg. Íbúðinni fylgir sér þvottahús og geymsla. Í kjallara er einnig geymsla. Húsið er álklætt að utan, byggt árið 2002. Verð 31.9 millj

Getum bætt við okkur eignum á skrá - Fagleg vinnubrögð



Laufengi - 4ra herb.

106.4 fm íbúð sem skiptist í stofu með SA- svölum, eldhús, 3 svefnh., miðjuhol, forstofu og bað með baðkeri, sturtu og þvottahúsi innaf. Verð 25.9 millj



Hverfisgata - 4ra herb.

103.9 fm íbúð í miðbænum. Eignin skiptist í forst, 2 saml.stofur, 2 svefn, bað og eldhús, þvottahús og geymsla innan íbúðar. Merkt stæði á baklóð. Verð 29 millj



GRENIMELUR- 88 fm NEDRI SÉRHÆÐ

Eignin skiptist í forstofu, hol, eldhús, 2 svefnh., saml. stofur og bað. Eignin hefur verið fallega endurnýjuð á síðustu 4 árum. Verð 32.5 millj.



Öldugata - Virðulegt einbýli

245.4 einbýli á 3. hæðum. Húsið er mjög virðulegt og vel við haldið. Mikíð endurn. þ.á.m. eldhús, gler, rafmagn, gólfínir. Séríb. í kj. Bílskúr. Tilboð óskast.



Skeggjagata - hús með 2. íbúðum

U.þ.b. 300 m² hús á þessum gróna vinsæla stað í Reykjavík. Húsið skiptist í tvær 98 fm þriggja herbergja íbúðir. Auk 4. herb. til útleigu. Bílskúr. Verð 78 millj.



Bakkasel - Raðhús

264 fm tvílyft raðhús með sér kjallara í Seljahverfinu. 19.5 fm. bílskúr innif. fm. fj. Skjólsæll og fallegur garður. Hítalagnir að húsi. Verð 49,5 millj.



Garðhús - raðhús

192.5 fm raðhús í Grafarvogi. Húsið allt innréttað á vandaðan máta. Garður með sólþalli mót suðri. Innb. bílskúr. Verð 53 millj.



Drápuhlíð - yfirtaka lána

Hæð og ris með sérinnangi og bílskúr alls 196 fm. Töluvert endurnýjuð eign. Góðar leigutekjur. Verð 51.9 millj.



Háholt - 5ra herb.

113.6 m² íbúð á þriðju hæð á þessum gróna og fallegum stað í Hafnarfirði. Björt íbúð í nánd við gólfvöllinn Keilir. Verð 24,9 millj.



Ásvallagata - 3ja herb.

70.3 m² íbúð á 2. hæð við Ásvallagötu, 101 Rvk. Íbúðin skiptist í hol, bað, 2 svefnh., eldhús og stofa. Stutt í H.Í. Verð 21.8 millj.



Hagamelur - 3ja herb.

70.4 fm. björt íbúð á efstu hæð í V-bæ Rvk. Stutt í H.Í. og miðbæinn. Parket og flísar á gólfum. Verð 22,9 millj.



Hallveigarstígur - 3ja herb + aukaíbúð

69 fm íbúð á 1. hæð auk 37.5 fm íbúðar í bakhúsi, sem er í útleigu. Húsið er nýlega uppgerð að utan. Nýir gluggar og gler.



Hrafnhólar 3ja herb.

79 m² íbúð á 1.hæð, 2 svefn herb, eldhús með borðkrók, gluggi á baði, stofa með svölum íbúðin er laus. Verð 17.1 millj.



Berjarími - 3ja herb.

84,10 m² íbúð á jarðhæð, sér inng. Eign skiptist í forstofu, hol, stofu, eldhús, sér þvottah, bað og 2 svefnh. Verönd með skjólvegg til austurs. Stæði í bilageymslu. Skipti á stærri eign koma vel til greina. Verð 23.9 millj.



Langalína - 3ja herb. - sjávarútsýni

129.5 fm íbúð á miðhæð. Bað er flísalagt í hólfi og gólf, mað innréttingu, baðkari og sturtu. Eldhúsið er með hvítri innr. og stáltækjum. Stofan er rúmgóð. V-svalir með gríðarlegu útsýni. Verð 38,9 millj.



Naustabryggja - Sjávarútsýni

86,2 fm íbúð með fallegu útsýni yfir Rauðavatn og Bláfjallahringinn. Eikarparket á gólfum. Sólþallur móti V.S.V. Verð 17.2 millj.



Stórholt - 3ja herb.

67 fm íbúð mjög miðsvæðis í 105 Reykjavík. Íbúðin er björt. Parket og hurðar úr Eik. Verð 23.5 millj



Fáfnisnes 101- lítið sérbýli.

Vorum að fá í sölu 87,5 fm. parhús á 2. hæðum í Skerjafirðinum. Skjólsæll garður með heitum potti. Verð 34 millj.



Hringbraut - Lyftuhús - bilgeymsla

50 fm 2ja herbergja íbúð á 4.hæð í 5 hæða lyftuhúsi. Geymsla á 1.hæð. Stæði í bilageymslu. Verð 15,5 millj.



Leifsgata - 2ja herb.

54,8 fm 2ja herbergja íbúð í hjarta Reykjavíkur. Eldhús upprunalegt en snyrtilegt. Bað var nýlega tekið í gegn. Rúmgott svefnherbergi og stofa. Verð 16,5 millj



Rauðás - 2ja herb.

53.7 fm íbúð með fallegu útsýni yfir Rauðavatn og Bláfjallahringinn. Eikarparket á gólfum. Sólþallur móti V.S.V. Verð 17.2 millj.



Melalind Kóp. - 2ja herb. Útsýni

63 fm íbúð á jarðhæð með 40 fm sólþall. Íbúðin er hol, bað, svefn., stofu, eldhús og geymsla. Parket og flísar á gólfum. Verð 19.9 millj



Nýbýlavegur - 2ja herb. með bílskúr.

77.6 fm íbúð á 2. hæð. Þar af er bílskúrinn 27.4 fm. Búið er að endurnýja gólfefni og bað mjög smekklega. Verð 19.9 millj.



Friggjarbrunnur - fokhelt

18.00 Galleri Fold, Rauðarárstíg 12-14, verður með listmunauppbóð í kvöld.

→ Myndlist

Myndverk án titils Ólafur Lárusson sýnir í verslun og veitingastofu Þjóðmenningarhússins, Hvefisgötu 15. Sýningin er opin alla daga frá kl. 11.00-17.00.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

Chinese í nóvember

Fyrsta plata rokksveitarinnar Guns N'Roses í fimmtán ár, Chinese Democracy, er væntanleg í verslanir 23. nóvember. Nýjasta lag sveitarinnar, Shackler's Revenge, verður fyrst gefið út á plötu með lögum úr tölvuleiknum Rock Band 2. Einnig hljómar annað lag af plötunni, If the World, í lok kvikmyndarinnar Body of Lies með Leonardo DiCaprio og Russell Crowe í aðalhlutverkum.

Á sama tíma og platan kemur út verður gefin út vínylendurútgáfa af fyrstu plötu Guns N'Roses, Appetite For Destruction, sem kom út 1987. Útgáfu Chinese Democracy hefur ítrekað verið frestað um árin og telja menn að um sé að kenna fullkonnunaráráttu forsprakkans Axl Rose. Síðast átti platan að koma út í mars á síðasta ári en ekkert varð af því.

Framleiðandi drykkjarins Dr. Pepper hét því fyrr á árinu að gefa öllum Bandaríkjamönnum drykk ef platan kæmi út á þessu ári og miðað við nýjustu fregnir þarf hann að standa við orð sín.



AXL ROSE Söngvari Guns N'Roses virðist loksins vera orðinn sáttur við hljóminn á Chinese Democracy.



ALLAR VÖRUR Á 40% AFSLÆTTI



NOA[®]
NOA

Kringlunni · Sími 553 3536

> Helgi og Magnús unnu á Kýpur

Íslandsmeistararnir Helgi Jóhannesson og Magnús Ingi Helgason tryggði sér sigur í tvíliðaleik karla á alþjóðlega badmintonmótinu SOTOX Cyprus International sem fram fór í borginni Nikósíu á Kýpur. Mótið er hluti af Evrópumótaröðinni og gefur stig á heimslistann. Í úrslitaleiknum lögðu þeir danskt par, Martin Baatz Olsen og Thomas Fynbo, 21-18 og 21-16. Þeir Helgi og Magnús Ingi voru ekki með röðun á mótinu og fyrirfram engan veginn taldir líklegir til sigurs. Strákarnir spiluðu hins vegar af miklu öryggi og sigruðu með glæsibrag.

sport
sport@frettabladid.is



BIRNA VALGARÐSDÓTTIR MEISTARI MEISTARANNA Í ÁTTUNDA SINN: HEFUR ALDREI TAPAD Í MEISTARAKEPPNINI

Það hljómar ekkert illa að vera meistari meistaranna

Birna Valgarðsdóttir og félagar hennar í Keflavík unnu annan titilinn á einni viku þegar þeir unnu Grindavík, 73-68, í Meistarakeppni kvenna í Keflavík í gær. Keflavík var Powerade-meistari um síðustu helgi og hefur því varið tvo af þeim titlum sem liðið vann á síðasta tímabili. Birna var í sigurliði í Meistarakeppninni í áttunda sinn og hefur aldrei tapað leik í Meistarakeppninni. Það munaði samt ekkert miklu í gær. „Við gerðum okkur þetta alltof erfitt fyrir en ég tek það samt ekki af Grindavík að þær eru með gott lið og þær börðust allan tímann. Við vorum bara í mestum vandræðum með þær,“ sagði Birna. Birna skoraði 14 stig í leiknum en hún fór með því yfir 100 stiga múrinn í Meistarakeppninni. Þetta var fyrsti leikur Keflavíkur eftir að leikstjórnandinn Keshia Watson var send heim. „Við þurfum aðeins að fara að bursta rykið af leikstjórnendun-

um okkar og koma þeim í leikform. Ég hef ekki áhyggjur af þessu hjá okkur, við þurfum bara að þjappa okkur saman og gera það sem við erum bestar í sem er að spila körfubolta. Þetta verður samt hörku keppni í vetur,“ segir Birna. Birna er sérstaklega ánægð með Svövu Ósk Stefánsdóttur sem er að snúa aftur eftir barnsburðarleyfi. Svava var með 17 stig, 5 fráköst og 6 stolna bolta í gær auk þess að setja niður öll fjögur þriggja stiga skotin sín. „Svava lofar þvílíkt góðu og ég er ekki smá ánægð með hana í þessum leik. Hún á eftir að gera góða hluti í vetur,“ segir Birna. Birna var að vinna Meistarakeppnina í sjötta sinn með Keflavík en hún hefur einnig unnið hana með Breiðabliki og Grindavík og þá í bæði skiptin eftir að hafa unnið Keflavík. „Er þetta ekki bara mín keppni,“ segir Birna í léttum tón þegar sigurganga hennar í Meistarakeppninni er borin undir hana. „Það hljómar ekkert illa að vera Meistari meistaranna,“ segir Birna að lokum.



ÚRSLITIN Í GÆR

Meistarakeppni karla

Keflavík-Snæfell 77-73 (37-38)
Stig Keflavíkur: Sigurður Gunnar Þorsteinsson 18, Hörður Axel Vilhjálmsson 15, Sverrir Þór Sverrisson 14 (6 stoðs.), Þröstur Leó Jóhannsson 8 (6 frák.), Vilhjálmur Steinarrson 6, Guðmundur Auðunn Gunnarsson 6, Jón Norðdal Hafsteins son 5 (6 frák.), Gunnar Einarsson 3, Elvar Þór Sigurjónsson 2.
Stig Snæfells: Sigurður Þorvaldsson 23 (9 frák.), Hlynur Bæringsson 13 (17 frák.), Atli Rafn Hreinnss. 14, Jón Ólafur Jónss. 11, Kristján Andréss. 6, Gunnlaugur Smáráson 3, Egill Egilsson 3.

Meistarakeppni kvenna

Keflavík-Grindavík 73-68 (47-43)
Stig Keflavíkur: Pálína Gunnlaugsdóttir 18 (7 frák., 5 stoðs., 5 stolnir), Svava Ósk Stefánsdóttir 17 (6 stolnir), Birna Valgarðsdóttir 14 (7 stolnir, 5 stoðs.), Ingibjörg Elva Vilbergisdóttir 8 (10 frák., 7 stoðs.), Bryndís Guðmundsdóttir 8 (9 frák.), Rannveig Randversdóttir 4, Hrönn Þorgrímsdóttir 2, Halldóra Andréssdóttir 2.
Stig Grindavíkur: Helga Hallgrímsdóttir 11 (12 frák.), Petrunella Skúladóttir 11 (9 frák., 3 varin), Ingibjörg Jakobsdóttir 11, Jovana Lilja Stefánsdóttir 10 (5 stolnir), Ólöf Helga Pálsdóttir 8, Berglind Anna Magnúsdóttir 6, Íris Sverrisdóttir 6, Lilja Ósk Sigmarsdóttir 5 (11 frák.).

Formúla eitt

STAÐAN Í KEPPNI ÖKUMANNA

1. Lewis Hamilton, McLaren	84 stig
2. Felipe Massa, Ferrari	79
3. Robert Kubica, BMW Sauber	72
4. Kimi Räikkönen, Ferrari	63
5. Nick Heidfeld, BMW Sauber	56
6. Heikki Kovalainen, McLaren	51
7. Fernando Alonso, Renault	48
8. Sebastian Vettel, STR-Ferrari	30
9. Jarno Trulli, Toyota	30
10. Mark Webber, Red Bull-Renault	21

Meistaradeildin í handbolta

Pick Szeged-Rhein-Neckar Löwen	24-28
Guðjón Valur Sigurðsson skoraði 6 mörk fyrir Löwen þar af voru 3 þeirra úr vítum.	
Doukas-GOG Svendborg	23-41
Ásgeir Örn Hallgrímsson skoraði 3 mörk fyrir GOG.	
BM Ciudad Real-Bosna Sarajevo	40-24
Ólafur Stefánsson skoraði 6 mörk þar af 2 víti.	

Þýski handboltinn

Grosswallstadt-Lemgo	29-30
Logi Geirsson skoraði 3 mörk og Vignir Svavars son 1 og Lemgo er enn á toppnum með Kiel.	
Einar Hólmgeirsson skoraði 1 mark.	

Keflavík er meistari meistaranna

Íslandsmeistarar Keflavíkur unnu fjögurra stiga sigur á bikarmeisturum Snæfells í útlendingalausum leik í Meistarakeppni karla í gær. Keflvíkingar fögnuðu tvöföldum sigri því kvennaliðið vann sinn leik líka.

KÖRFUBOLTI Íslandsmeistarar Keflavíkur unnu bikarmeistara Snæfells, 77-73, í Meistarakeppni KKÍ í karlaflokki er liðin mættust í Toyota – höllinni í Keflavík í gær.

Keflvíkingar fögnuðu þar með tvöföldum sigri í Meistarakeppninni því konurnar höfðu einnig tryggt sér titilinn með fimm stiga sigri á Grindavík í leiknum á undan. Keflavík hafði frumkvæðið í báðum leikjum en gestirnir gáfust ekki upp þannig að úr urðu tveir spennandi og skemmtilegir körfuboltaleikir. Öll fjögur liðin í Meistarakeppninni léku án erlendra leikmanna sem hefur ekki gerst í þrettán ára sögu keppninnar.

Leikurinn var nokkuð spennandi á köflum en Keflavík sigraði á breiddinni sem liðið býr yfir og er greinilega tilbúið fyrir átökin í vetur.

Leikurinn byrjaði ansi fjörlega og Keflavík sótti hart að gestunum með virkilega góðri pressuvörn. Snæfell fann í raun og veru enga lausn á henni og Keflavík stal hverjum boltanum á fætur öðrum í leikhlutunum. Staðan eftir fyrsta leikhluta var 18-13 fyrir heimamenn.

Annar leikhluti þróaðist eins og sá fyrsti, Keflavík hélt Snæfelli í skefjum með góðri vörn. Svo virtist sem Keflavík ætti mun auðveldara með að skora stig heldur en gestirnir en það breyttist undir lok fyrri hálfleiks.

Snæfell náði að leysa betur pressuvörn Keflvíkinga og gerðu 8 stig í röð, Snæfell náði með því að komast stigi yfir með flautukörfu frá Sigurði Þorvaldssyni og staðan því 37-38 í hálfleik fyrir Snæfell.

Gunnar Einarsson opnaði þriðja leikhluta með glæsilegri 3ja stiga körfu og kom Keflavík yfir. Kefla-



NYR FYRIRLIÐI Jón Norðdal Hafsteinson lyfti sínum fyrsta bikar sem fyrirlíði Keflavíkurliðsins. VÍKURFRÉTIÐ/JÓN JÚLIUS

vík hélt áfram að pressa Snæfell út um allan völl en gestirnir voru greinilega búnir að fara vel yfir það í hálfleik hvernig ætti að leysa það, því allt annað var að sjá til liðsins hvað pressuvörn Keflvíkinga varðaði.

Leikurinn var áfram í járnum og börðust leikmenn Snæfells grimmilega og komu í veg fyrir að Keflavík næði miklu forskoti.



ANNAR BIKAR Á EINNI VIKU Ingibjörg Elva Vilbergisdóttir, fyrirlíði Keflavíkur, lyftir bikarnum. VÍKURFRÉTIÐ/JÓN JÚLIUS

Þegar þriðji leikhlutinn var hálfnaður var staðan 51-47 fyrir Keflavík. Heimamenn slepptu ekki hendinni af þessari forystu og leiddu eftir þrjá leikhluta 65-57, þökk sé þrem þristum frá Herði Vilhjálmssyni.

Síðasti leikhlutinn stefndi í að verða í eigu Keflvíkinga og voru þeir komnir í þægilega stöðu, 72-60, eftir aðeins tvær mínútur. En

Snæfell, eins og svo oft áður í leiknum, neitaði að gefast upp og minnkuðu muninn í 74-70 og aðeins tvær mínútur eftir af leiknum. En Keflvíkingar sigldu sigrinum heim og sigruðu að lokum 77-73.

Við eigum fullt af mönnum

Landsliðsmiðherjinn Sigurður Gunnar Þorsteinsson var einn besti leikmaður Keflvíkinga í gær og hann var hress í leikslok.

„Þetta var bara flottur leikur. Við keyrðum okkar kerfi sem við ætluðum að gera og það virkaði bara ágætlega. Þetta er auðvitað síðasti leikur fyrir Íslandsmótið og ég held að við höfum notað hann vel. Annars lýst mér bara vel á framhaldið, við erum með fullt af leikmönnum þannig að við verðum klárir,“ sagði Sigurður sem skoraði 18 stig í gær.

Snæfellingurinn Sigurður Þorvaldsson var nokkuð brattur þrátt fyrir tap. „Það er auðvitað alltaf leiðinlegt að tapa en það var samt margt gott í þessu. Við lentum auðvitað í því að missa leikmenn frá okkur eins og önnur lið en við misstum þjálfarann líka sem gerir þetta aðeins erfiðara. En svona er þetta bara og ekkert við því að gera. Við verðum allavega tilbúnir í vetur þegar lið pressa okkur,“ sagði Sigurður og glotti.

Aðeins þriðji tvöfaldi sigurinn

Þetta er í þriðja sinn sem Keflavík vinnur Meistarakeppni KKÍ í karlaflokki en kvennalið Keflavíkur var að vinna Meistarakeppnina í áttunda sinn þar af í fimmta sinn á síðustu átta árum.

Það hefur ekki oft gerst að sama félag verði meistari meistaranna í karla- og kvennaflokki en það hefur gerst tvisvar áður, Keflavík náði því einnig árið 2003 sem og nágrennan þeirra í Njarðvík árið áður. -hþ, óó

Prír ökumenn eiga möguleika á heimsmeistaratitlinum í formúlunni: Alonso vann aðra keppnina í röð

FORMÚLA 1 Fernando Alonso hjá Renault tryggði sér sigur í Japanskappakstrinum í fyrrinótt og nýtti sér þar mistök McLaren- og Ferrari-manna í upphafi kappakstursins. Felipe Massa náði að minnka forskot Lewis Hamilton um tvö stig en það munar fimm stigum á þessu tveimur efstu mönnum í keppni ökumanna þegar aðeins á eftir að keppa í Kína og Brasilíu.

Fernando Alonso vann þar með sína aðra keppni í röð en hann varð einnig efstur í Singapúr-kappakstrinum.

„Sigurinn í Singapúr kom mjög óvænt þar sem við unnum við sérstakar aðstæður í tengslum við öryggisbílinn. Nú var ekkert slíkt í gangi og við unnum á braut sem á ekki að henta okkar bíl. Ég trúí þessu varla en það er frábært að vinna tvær keppnir í röð,“ sagði

Alonso. Efsti maðurinn í keppni ökumanna, Lewis Hamilton hjá McLaren, var fyrstur á ráspól en mistókst herfilega í fyrstu beygju. Hamilton missti Kimi Räikkönen fram úr sér og var síðan dæmdur brotlegur þegar hann reyndi að svara til baka. Það þýddi að hann var orðinn aftastur.

Vandræðum hans var þó ekki lokið því aðalkeppinautur hans, Felipe Massa hjá Ferrari, keyrði seinna utan í McLaren-bílinn hans og sneri honum sem kostaði Hamilton enn meiri tíma.

Massa fékk refsingu fyrir en ólíkt Hamilton þá

náði Brasilíumaðurinn að vinna sig upp í stigaseti því hann varð sjöundi í röðinni eftir að Sebastien Bourdais hjá Toro Rosso hafði fengið refsingu eftir keppni.

Heimsmeistari síðasta árs, Finninn Kimi Räikkönen hjá Ferrari, varð að tryggja sér annað sætið til að eiga enn möguleika á að verja titilinn en hann varð að sætta sig við 3. sætið eftir hörkubaráttu við Pólverjann Robert Kubica hjá BMW Sauber. Kubica hélt þar með lífi í titilyonum sínum en hann er nú tólf stigum á eftir Hamilton.

- óó

TVEIR SIGRAR Í RÖÐ Fernando Alonso. NORDICPHOTOS/AFP



Boltinn er hjá okkur!

Man. Utd. - Stoke

14.-16. nóvember

West Ham Portsmouth

14.-16. nóvember

Arsenal - Aston Villa

14.-16. nóvember

Kynntu þér tæmandi lista yfir ferðir á leiki á www.expressferdir.is

Verð á mann í tvíbýli:

63.900 kr.

Innifalið: Flug m/sköttum, miði á leikinn, og hótél með morgunmat í 2 nætur.

Verð á mann í tvíbýli:

69.900 kr.

Innifalið: Flug m/sköttum, miði á leikinn, og hótél með morgunmat í 2 nætur.

Verð á mann í tvíbýli:

73.900 kr.

Innifalið: Flug m/sköttum, Club lever miði á leikinn, hótél m/morgunmat í 2 nætur.

Nánar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express ferðir

Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Spíluðum varnarleikinn eins og meistaralið

Auðun Helgason, leiðtogi bestu varnarinnar í Landsbankadeild karla, er besti leikmaður Landsbankadeildar karla hjá Fréttablaðinu. Hann segir tímabilið ævintýri líkast, gengi Fram hafi verið betra en nokkur þorði að vona. Auðun sér ekki eftir að hafa yfirgefið FH.

FÓTBOLTI Framarinn Auðun Helgason er besti leikmaður Landsbankadeildar karla 2008 hjá Fréttablaðinu. Auðun var með 6,86 í meðaleinkunn úr 21 leik en í 2. til 3. sæti komu þeir Gunnleifur Gunnleifsson hjá HK og Hallgrímur Jónasson hjá Keflavík. Hólmar Örn Rúnarsson úr Keflavík var besti miðjumaðurinn og Guðjón Baldvinsson úr KR stóð sig best af sóknarmönnum.

Auðun lék alla deildarleiki Fram í sumar nema einn og hann tapaðist 0-2 fyrir KR. Auðun var fjórum sinnum valinn maður leiksins og fékk 8 í einkunn fyrir sjö af þessum leikjum. Auðun fékk mjög góða einkunn (7 eða hærra) í fimmán af deildarleikjum Fram í sumar.

Mikilvægara hlutverk en 2005

„Ég fann það í vorleikjunum að ég var kominn í ágætis stand. Þegar leið á tímabilið fann ég að ég var kominn í mitt gamla og góða form eins og 2005. Þá skoraði ég mun fleiri mörk en ég held að ég hafi verið í mikilvægara hlutverki núna en heldur jafnvel 2005,“ segir Auðun sem var nú búinn að ná sér að fullu eftir krossbanda-slitin.

Auðun varð fyrir því óláni að slíta krossbönd í hné í febrúar 2006 og missti af öllu tímabilinu. Honum gekk einnig illa að komast aftur inn í hið sterka lið FH og var aðeins í byrjunarliðinu í tveimur leikjum í fyrra. „Ég fann alveg að styrkurinn var kominn,“ segir Auðunn enn fremur.

Auðun fékk ekki nýjan samning hjá FH-ingum eftir vonbrigða-tímabil í fyrra en þessi 34 ára gamli miðvörður var ekki af baki dottinn og átti mikinn þátt í að koma Framliðinu aftur til veg-semdar og virðingar á nýjan leik.

„Ég var ósáttur með mína stöðu í fyrra. Maður vill alltaf mikið, vill spila og vera fremstur í flokki. Það var til þess að maður tók þess-arri áskorun að fara í Fram. Hún gekk algjörlega eftir,“ sagði Auðun.

Þorvaldur Örlygsson gerði frábæra hluti með Framliðið í sumar og tók varnarleikinn í gegn. Auðun var ekki eini liðsstyrkurinn fyrir varnarleik liðsins því vinstri bak-vörðurinn Sam Tillen kom frá Englandi og Þorvaldur tók með sér varnartengiliðinn Halldór Hermann Jónsson úr Fjarða-byggð.

Þorvaldur fann réttu blönduna

„Ég man þegar við settumst niður fyrir ári þá var ég mjög hrifinn af því að Þorvaldur ætlaði að gera ákveðnar breytingar. Það var búið að ganga svo illa undanfarið og hann vildi fá mig til að greina og koma skikki á varnarleikinn. Ekki bara varnarleik öftustu línu heldur alls liðsins,“ segir Auðun.

„Ég og Þorvaldur höfum átt mjög gott samstarf og við höfum rætt ýmsa hluti í gegnum allt tímabilið. Hann fann algjörlega réttu blönduna í sumar,“ segir Auðun. „Þorvaldur skapaði alveg gríðarlega góðan mórál í hópnum. Hann er ekki með neinar yfirlýs-ingar heldur vinnur sína vinnu mjög vel. Hann þælir mikið í þessu en er ekki mikið að gaspra út á við,“ segir Auðun um þjálfarann sinn.

Framarar sýndu styrk sinn á lokasprettinum þegar þeir unnu sannfærandi sigur á verðandi Íslandsmeisturum í FH og höfðu síðan Íslandsmeistaratilinn af Keflvíkingum með því að vinna þá í lokaumferðinni. Keflavík hafði unnið fimm heimaleiki í röð, með markatölunni 15-3, fyrir þennan leik. Sigurinn á Fram í lokaum-ferðinni færði hans gamla liði Íslandsmeistaratilinn.

Frábær niðurstaða

„Það má kannski segja það að fyrst ég fór að skipta um lið á gam-alsaldri þá var þetta kannski frá-



Á MÓTI GÖMLU FÉLÖGUNUM Í FH Auðun Helgason sést hér í baráttunni við Jónas Grana Garðarsson í leik Fram og FH í Kapla-krika í sumar. Þeir skiptu um lið fyrir tímabilið.



bær niðurstaða fyrir mig. Ég er fæddur og uppalinn FH-ingur og það er frábært að titilinn fór í Hafnarfjörðinn því þeir áttu það svo sannar-lega skilið. Því miður fyrir Keflvíkingana þá voru þeir ekki alveg nógu sterkir á lokasprettin-um. Þetta snýst um að halda jafnt út og þeir gerðu það ekki. Það var fullkominn endir fyrir mig á frábæru tímabili að titillinn færi í Hafnarfjörð-inn og að við tækjum Evrópusætið,“ segir Auðun.

Leiðinlegi boltinn

Auðun segir að gagnrýnin á leiðinlega spilamennsku Framliðsins hafi ekki haft nein áhrif á liðið.

„Við vissum alveg að við vorum á réttu röli. Það var verið að tala um að við spil-udum leiðinlegan fótbolta og það má vel vera að við höfum gert það inn á milli. Svo held ég að við höfum sannað okkur í seinni umferð-inni og mér fannst við vera að spila besta boltann í seinni

umferðinni,“ segir Auðunn.

Það töluðu líka fáir um leið-inlega spilamennsku þegar leið á tímabilið. „Þetta var í raun bara ævintýri líkast. Þegar Keflavíkurleikurinn var búinn þá hugsaði maður að við værum komnir lengra en maður hafði þorað að vona. Maður hefur ágætis reynslu í þessu og maður veit að það tekur tíma að koma þessum hlutum í lag. Það tókst alveg ótrúlega hratt og vel,“ sagði Auðun. Hann var mjög sáttur við að sóknarleikurinn hefði farið í gang eftir mitt mót.

Glimrandi sóknarleikur

„Seinni umferðin var alveg frábær hjá okkur og þá kemur sóknarleikurinn. Hann hafði ekki orðið nógu beittur í fyrri umferðinni en svo þegar leið á mótið þá kom hann. Varnarleikurinn var búinn að vera alveg frábær frá fyrsta degi. Það gaf okkur ákveðið öryggi og traust og við höldum því allt sumarið. Svo kemur alveg glimrandi sóknar-leikur í seinni umferðinni,“

segir Auðun en það var vörnin sem allt byggðist á.

„Við spíluðum varnarleikinn eins og meistaralið. Það að fá á sig 21 mark í 22 leikjum er rosalega gott,“ segir Auðun.

Fram er komið í Evrópukeppni í fyrsta sinn í næstum sautján ár eða síðan liðið var með í Evrópu-keppni félagsliða haustið 1992. Lið Fram hefur ekki verið meðal þriggja efstu liða síðan sumarið 1991 en liðið endaði þá í 2. sæti sem var enn fremur sjötta tíma-bilið í röð þar sem Safamýrarliðið var meðal þriggja efstu. Síðan hefur Framliðið ofast verið í fall-baráttu og tvisvar sinnum þurft að sætta sig við að falla úr deildinni.

„Það er frábært fyrir félagið. Þetta er gríðarlega mikilvægt skref fyrir Fram,“ segir Auðun „og árangur sumarsins er langtum betri en allir bjuggust við.“

Vinnum ekki titil með sama lið

Hann veit að það gæti orðið erf-iðar að halda Fram í hópi efstu liða. „Það á margt eftir að breytast í vetur en ef við tökum deildina eins og hún er þá erum við ekki að fara vinna þessa deild með sama lið. Ég veit hvað þarf til að vinna svona deild. Markmiðið hjá okkur verður að ná jafngóðum árangri ef

ekki betri. Þriðja sætið á næsta ári væri frábær árangur og að fara líka lengra í bikar. Við erum í Evr-ópukeppni líka þannig að það verður meira álag. Að ná þriðja sæti á næsta ári er enn meira afrek en að ná þriðja sæti núna því það verður meira álag,“ segir Auðun.

Er alls ekki hættur

Hann sjálfur er klár í slaginn og er ekkert að fara að leggja skóna á hilluna. „Þetta var lengsta tímabil-ið hjá mér í langan tíma. Ég var orðinn verulega þreytur eftir síð-asta leik. Nú er bara gott frí. Ég á mér ákveðin markmið fyrir næsta sumar sem eiga eftir að koma í ljós,“ segir Auðun sem er orðinn 34 ára gamall.

„Ég er alls ekki hættur og fann hvað ég hafði gaman af þessu núna í sumar. Það var líka nýtt hlutverk hjá mér að gefa af sér. Þegar maður er kominn á þennan aldur þá reynir maður meira að miðla af þekkingu og reynslu. Það gefur manni rosalega mikið,“ segir þessi frábæri varnarmaður að lokum.

ooj@frettabladid.is

BESTI LEIKMAÐURINN:		
Auðun Helgason, Fram	6,86	
Gunnleifur Gunnleifsson, HK	6,81	
Hallgrímur Jónasson, Keflavík	6,81	
Hólmar Örn Rúnarsson, Keflavík	6,80	
Freyr Bjarnason, FH	6,64	
Guðjón Baldvinsson, KR	6,62	
Guðmundur Steinarsson, Keflav	6,57	
Hannes Þór Halldórsson, Fram	6,55	
Guðjón Árni Antoníusson, Keflav.	6,50	
Gunnar Már Guðmundss., Fjölni	6,45	
Paul McShane, Fram	6,43	
Davíð Þór Viðarsson, FH	6,43	
Finnur Orri Margeirsson Breiðab.	6,43	
Pétur Marteinsson, KR	6,43	
Zoran Stamenic, Grindavík	6,41	
Kenneth Gustafsson, Keflavík	6,41	
Ómar Jóhannsson, Keflavík	6,41	
Grétar Sigurðarson, KR	6,33	
Scott Ramsay, Grindavík	6,33	
Fjalar Þorgeirsson, Fylkir	6,32	
Víktor Bjarki Arnarsson, KR	6,32	
Jónas Guðni Sævarsson, KR	6,27	
Simun Samuelson, Keflavík	6,24	
Samuel Tillen, Fram	6,24	
Jóhann Berg Guðmundss., Breið.	6,23	
Pálmi Rafn Pálmason, Val	6,17	
Reynir Leósson, Fram	6,15	
Kjartan Sturluson, Val	6,14	
Guðmundur Benediktsson, Val	6,13	
Ingvar Þór Ólason, Fram	6,11	
Óli Stefán Flóventsson, Fjölni	6,11	
Tryggvi Guðmundsson, FH	6,10	
Halldór Hermann Jónsson, Fram	6,09	
Guðmundur Kristjánss., Breið.	6,07	
Casper Jacobsen, Breiðabliki	6,05	
Heiðar Geir Júlíusson, Fram	6,05	
Hjörtur Logi Valgarðsson, FH	6,05	
Þórður Ingason, Fjölni	6,05	
Kristján Hauksson, Fjölnir	6,05	
Patrik Redo, Keflavík	6,05	
BESTU MARKMENN		
Gunnleifur Gunnleifsson, HK	6,81	
Hannes Þór Halldórsson, Fram	6,55	
Ómar Jóhannsson, Keflavík	6,41	
Fjalar Þorgeirsson, Fylkir	6,32	
Kjartan Sturluson, Val	6,14	
Casper Jacobsen, Breiðabliki	6,05	
Þórður Ingason, Fjölni	6,05	
BESTU VARNARMENN		
Auðun Helgason, Fram	6,86	
Hallgrímur Jónasson, Keflavík	6,81	
Freyr Bjarnason, FH	6,64	
Guðjón Árni Antoníuss., Keflavík	6,50	
Finnur Orri Margeirsson, Breiðab.	6,43	
Pétur Marteinsson, KR	6,43	
BESTU MIÐJUMENN		
Hólmar Örn Rúnarsson, Keflavík	6,80	
Gunnar Már Guðmundss., Fjölni	6,45	
Paul McShane, Fram	6,43	
Davíð Þór Viðarsson, FH	6,43	
Scott Ramsay, Grindavík	6,33	
Víktor Bjarki Arnarsson, KR	6,32	
BESTU SÓKNARMENN		
Guðjón Baldvinsson, KR	6,62	
Guðmundur Steinarsson, Keflavík	6,57	
Jóhann Berg Guðm., Breiðabliki	6,23	
Guðmundur Benediktsson, Val	6,13	
Tryggvi Guðmundsson, FH	6,10	
Patrik Redo, Keflavík	6,05	

> Gordon Ramsey

„Það eru tvær leiðir í kokkabransanum. Leiðin inn og leiðin út“. Ramsey heimsækir veitingastaði sem enginn vill borða á og reynir að snúa við blaðinu á einni viku í raunveruleika-þættinum Kitchen Nightmares sem sýndur er á Skjá einum.



dagskrá

VIÐ TÆKIÐ **SVAVAR HÁVARÐSSON** OG ÓRAVÍDDIR HIMINGEIMSINS

20.000 milljarðar milljarða

Þessa dagana er verið að sýna þætti um óraviddir himingeimsins á sjónvarpsstöðinni Discovery. Þar er fjallað um sólkerfið okkar og allt sem menn telja sig vita um það. Menn vita að sólkerfið er svo stórt að það er erfitt að skilja það. Sólkerfið okkar er hluti af Vetrarbrautinni. Ljósið ferðast 300 þúsund kílómetra á sekúndu í geimnum. Ferðalag ljóssins er því 9.460.528.404.879 kílómetrar á ári. Vegalengdir eru síðan mældar í ljósárum. Vetrarbrautin okkar hefur að geyma um 400 milljarða stjarna og utan hennar finnum við síðan meira en hundrað milljarða annarra vetrarbrauta. Vetrarbrautin er um 100.000 ljósár að þvermáli og um 2.000 ljósár að þykkt. Menn telja að sólkerfið sé í um 26.000 ljósára fjarlægð frá Vetrarbrautarmiðju en óvissan er um 3.300 ljósár. Í 26.000 ljósára fjarlægð og á 250 kílómetra hraða á sekúndu, tekur það



sólina okkar og sólkerfið í heild sinni um 220 milljón ár að ljúka einni hringferð um miðju Vetrarbrautarinnar. Svo eru það stjörnurnar aftur. Ef við gerum ráð fyrir að meðalfjöldi stjarna í vetrarbrautum sé svipaður fjöldanum í okkar vetrarbraut, 400 milljarðar, og að fjöldi vetrarbrauta sé 100 milljarðar eru þær 20.000 milljarðar milljarða.

Ég hef alltaf haft gaman af því að stara út í þetta kolsvarta tóm og reyna að skilja. Hingað til hefur mér lítið orðið ágengt. Ég geri mér ekki miklar vonir um að það breytist á næstunni. Ég tel þó mikilvægt að Íslendingar, allir sem einn,

stíli á Discovery og velti þessum hlutum fyrir sér. Ástæðan er einföld: Það hjálpar ykkur að skilja þær upphæðir sem fyrir þjóðinni liggur að borga. Þetta auðveldar ykkur líka að skilja hvað það mun taka langan tíma.

EKKI MISSA AF



► **20.00** **Tristan + Isolde** STÖÐ 2 BÍÓ



► **20.15** **Saga Indlands** SJÓNVARPIÐ



► **21.00** **Eureka** SKJÁREINN



► **21.05** **Men in Threes** STÖÐ 2



► **21.10** **My Boys** STÖÐ 2 EXTRA

SJÓNVARPIÐ

15.55 **Sunnudagskvöld með Evu Maríu** (e)

16.35 **Leiðarljós** (Guiding Light)

17.20 **Táknmálsfréttir**

17.30 **Hanna Montana** (5:26) (e)

18.00 **Kóalabraeðurnir** (61:78)

18.12 **Herramenn** (23:52)

18.25 **Út og suður** (e)

19.00 **Fréttir**

19.30 **Veður**

19.35 **Kastljós**

► **20.15** **Saga Indlands** (The Story of India) (5:16) Breskur heimildamyndaflokkur um Indland fyrr og nú. Sagnfræðingurinn Michael Wood fer í mikla reisu um landið og leitar uppi sögulegar minjar þess og skoðar söguna í leit að vísbendingum um hver framtíð þessa fjölmennasta lýðræðisríkis og elsta menningarsamfélags í heimi verður.

21.15 **Sporlaust** (Without a Trace) (2:24) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki.

22.00 **Tíufréttir**

22.20 **Sportið** Í þættinum verður farið yfir íþróttaviðburði helgarinnar, innlenda sem erlenda.

22.45 **Herstöðvarlíf** (Army Wives) (14:32)

23.30 **Spaugstofan** (e)

23.55 **Kastljós** (e)

00.30 **Dagskrárlok**

BÍÓ

08.05 **Days of Thunder**

10.00 **Lotta í Skarkalagötu**

12.00 **Heading South**

14.00 **Days of Thunder**

16.00 **Lotta í Skarkalagötu**

18.00 **Heading South**

► **20.00** **Tristan + Isolde** Mitt í stríði Írlands og Bretlands verður erfingi bresku krúnunnar ástfanginn af írskri prinsessu. Skyndilega er líf þeirra í hættu og þau þurfa að ákveða hvort sé meira virði, þjóðin eða ástin.

22.05 **Highwaymen**

00.00 **The Brown Bunny**

02.00 **Dog Soldiers**

04.00 **Highwaymen**

06.00 **Blue Sky**

STÖÐ 2

07.00 **Barnatími Stöðvar 2** Krakkarnir í næsta húsi, Justice League Unlimited, Tommi og Jenni og Kalli kanína og félagar.

08.15 **Oprah**

08.55 **Í fínu formi**

09.10 **Bold and the Beautiful**

10.15 **Grey's Anatomy** (13:36)

11.05 **Hæðin** (8:9)

12.00 **Hádegisfréttir**

12.35 **Neighbours**

13.00 **Bigger Than the Sky**

15.30 **Newlywed, Nearly Dead** (5:13)

15.55 **Galdrastelpurnar**

16.20 **Leðurblökumaðurinn**

16.40 **Tracey McBean**

16.53 **Louie**

17.03 **Jólaeivintýri Scooby Doo**

17.28 **Bold and the Beautiful**

17.53 **Neighbours**

18.18 **Markaðurinn og veður**

18.30 **Fréttir**

18.47 **Íþróttir**

18.54 **Ísland í dag**

19.05 **Veður**

19.20 **Kompás** Jóhannes Kr. Kristjánsson ritstjóri og samstarfsfólk hans halda áfram að fjalla á beinskeittan, upplýsandi og aðgengilegan hátt um viðkvæm og vandmeðfarin málefni sem aðrir fréttamiðlar veigra sér við að nálgast.

19.55 **The Simpsons**

20.20 **Extreme Makeover. Home Edition** (3:25) Þúsundþjalamíðurinn Ty Pennington heimsækir fjölskyldur sem eiga við erfiðleika að stríða og endurnýjar heimili þeirra frá grunni.

► **21.05** **Men in Trees** (2:19) Rithöfundurinn Marin Frist hefur komið sér vel fyrir í smábænum Elmo í Alaska eftir erfið sambandsslit. Þar virðist hún hafa fundið hinn eina sanna í Jack sem er hléðrægur en afar heillandi og myndarlegur maður.

21.50 **Journeyman** (1:13)

22.35 **Peep Show** (5:12)

23.00 **Sueno**

00.45 **Bigger Than the Sky**

02.30 **Midnight Mass**

04.05 **Men in Trees** (2:19)

04.50 **Peep Show** (5:12)

05.15 **The Simpsons**

05.40 **Fréttir og Ísland í dag**

SPORT

besta sætið

16.05 **Evrópumótaröðin í golfi** Útsending frá World Match Play mótinu í golfi.

18.05 **F1. Við endamarkið** Fjallað verður um atburði helgarinnar og gestir í myndverri ræða málin. Farið verður yfir helstu mál liðandi keppni og þau krufin til mergjar.

18.45 **NFL deildin** Útsending frá leik Seattle og Green Bay í NFL deildinni.

20.45 **Fréttabáttur Meistaradeildar Evrópu** Fréttabáttur Meistaradeildar Evrópu þar sem hver umferð er skoðuð í bak og fyrir. Viðtöl við leikmenn liðanna og komandi viðureignir skoðaðar.

21.15 **10 Bestu** Síðastur en þó alls ekki sístur í þessari þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar er Albert Guðmundsson. Í þessum þætti verða mögnuð afrek Alberts skoðuð.

22.00 **Utan vallar** Brot af því besta úr þáttum síðasta vetrar. Skoðuð verða eftirminnleg atvik sem enginn verður svikinn af.

22.55 **Þýski handboltinn - Hápunktar** Hver umferð gerð upp í þessum flotta þætti um þýska handboltann. Handknattleikur á heimsmeðallikvarða.

23.35 **UFC Unleashed**

00.35 **World Series of Poker 2008**

SPORT 2

enski boltinn

16.40 **Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik West Ham og Bolton úr ensku úrvalsdeildinni.

18.20 **PL Classic Matches** Hápunkarnir úr bestu og eftirminnlegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

18.50 **PL Classic Matches** Hápunkarnir úr bestu og eftirminnlegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

19.20 **Ensku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrífín á einum stað.

20.20 **Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Liverpool og Man. Utd í ensku úrvalsdeildinni.

22.00 **Coca Cola mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessu magnaða markaðætti.

22.30 **Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvaentum hliðum.

23.00 **Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Everton og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

07.15 **Rachael Ray** (e)

08.00 **Dr. Phil** (e)

08.45 **Vörutorg**

09.45 **Óstöðvandi tónlist**

16.15 **Vörutorg**

17.15 **Game tívi** (e)

17.45 **Dr. Phil**

18.30 **Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

19.20 **Kitchen Nightmares** Sebastian's er pizza-staður í stjórnumborginni Los Angeles sem á síðasta snúningi. Eigandinn er í draumaheimi og matseðillinn er óskiljanlegur. Tekst Gordon Ramsey að ná eigandanum niður á jörðina og gera staðinn hæfan fyrir stjórnunar.

20.10 **Friday Night Lights** (5:15) Dramatísk þáttaröð um unglinga í smábæ í Texas. Þar snýst allt lífið um árangur fót-boltaliðs skólans og það er mikið álag á ungum herðum. Taylor þjálfari er kominn aftur heim og boðar breytingar, bæði hjá liðinu og á heimilinu. Smash og Matt verða að útkljá sín mál og Landry heillar þjálfarann en ekki pabba sinn.

► **21.00** **Eureka** (10:13) Bandarísk þáttaröð sem gerist í litlum bæ með stórt leyndarmál. Þar hefur helstu snillingum heims verið safnað saman og allt getur gerst. Þegar trúarbrögðum og vísindum er blandað saman fer allt til andskotans og íbúar Eureka óttast reiði Guðs.

21.50 **CSI. New York** (8:21)

22.40 **Jay Leno**

23.30 **Swingtown** (e)

00.20 **In Plain Sight** (e)

01.10 **Criss Angel. Mindfreak** (e)

01.35 **Family Guy** (e)

02.00 **Nokia Trends Lab** (e)

02.25 **Vörutorg**

03.25 **Óstöðvandi tónlist**

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 **Fréttir og Að Norðan** Endurtekið á klst. fresti til 12.15 daginn eftir.

N4 Sjónvarp Norðurlands

Digital Ísland rás 15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



KOMPÁS

Í KVÖLD KL. 19:20 Í OPINNI DAGSKRÁ

Almenningur á Íslandi sér fram á mikla erfiðleika og óvissan er mikil.

EN ÞAÐ ERU TÆKIFÆRI FRAMUNDAN.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.50

Journeyman, NÝTT

Hvað myndir þú gera ef þú vaknaðir skyndilega á öðrum stað og tíma? Journeyman er þrettán þátta spennu-sería sem fjallar um Dan Vassell, ósköp venjulegan blaðamann, sem án nokkurrar útskýringar verður fyrir þeirri einstöku upplifun að ferðast nokkur ár aftur í tímann. Í fyrstu veit hann ekki hvaðan á hann stendur veðrið, hvers vegna hann hafi hlotið þetta undarlega hlutverk. En um síðir áttar hann sig á tilgangi sínum. Til þess að komast heim til síns tíma verður hann nefnilega að vinna góðverk, bjarga mannlífi. Með aðalhlutverk í þessum frábæra þætti fer Kevin KcKidd úr Rome en þættirnir fengur afbragðsdóma er þeir voru sýndir.

► VIÐ MÆLUM MED

CSI. New York

Skjäreinn kl. 21.50

Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félagu hans í rannsóknar-deild lögreglunnar í New York. Tvö mál koma inn á borð hjá þeim í kvöld. Annars vegar er parti á svölum yfir Times Square sem endar með dauðri fyrirsetu í risastóru vinglasi og hins vegar vopnað rán á veitingastað sem endar með morði.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin	15.30 Heimsauga
06.40 Veðurfregnir	16.00 Síðdegisfréttir
06.50 Bæn	16.10 Veðurfregnir
07.30 Fréttayfirlit	16.13 Hlaupanótan
08.00 Morgunfréttir	17.03 Víðsjá
08.30 Fréttayfirlit	18.00 Kvöldfréttir
09.05 Okkar á milli	18.24 Auglýsingar
09.45 Morgunleikfimi	18.25 Spegillinn
10.03 Veðurfregnir	19.00 Endurómur úr Evrópu
10.13 Stefnumót	20.00 Leynifélagið
11.03 Samfélagið í nærmynd	20.30 Kvika
12.00 Fréttayfirlit	21.10 Lárétt eða lóðrétt
12.20 Hádegisfréttir	22.07 Veðurfregnir
12.45 Veðurfregnir	22.12 Orð kvöldsins
13.00 Vít og breitt	22.15 Ársól
14.03 Bak við stjörnur	23.10 Kallfæri
15.03 Útvarpssagan: Sveigur	00.07 Næturetónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

16.00 Hollyoaks (35:260)

16.30 Hollyoaks (36:260)

17.00 Seinfeld

17.25 E.R. (6:25)

18.10 My Boys (5:22)

18.30 Happy Hour (10:13)

19.00 Hollyoaks (35:260)

19.30 Hollyoaks (36:260)

20.00 Seinfeld

20.25 E.R. (6:25) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.

►21.10 My Boys (5:22) Frábærir gamanþættir um unga konu sem er greinahöfundur hjá þekktu íþróttablaði og þarf að kljást við einkamálin ásamt því að sanna sig í karlaheimi.

21.30 Happy Hour (10:13) Lánið leikur ekki við Henry Beckman. Konan yfirgefur hann, hann missir vinnuna og íbúðina. Hann ákveður að leigja íbúð með Larry, sjálfseks-um og raunveruleikafirtum glaumgosa sem útvegar honum vinnu og reynir að kenna honum að lifa lífinu.

22.00 Dagvaktin (4:11)

22.25 Numbers

23.10 Fringe - NÝTT (1:22)

23.55 Sjáðu

00.20 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

20.00 Hrafnaping í umsjón Ingva Hrafn Jónssonar. Ingvi Hrafn tjáir sig um viðhorf sín til stjórnmála líðandi stundar og fær til sín góða gesti í sjónvarpssal.

21.00 Í nærveru sálar Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur ræðir við og fær stjórnmálamann á sálfræðibekkinn.

21.30 Grasrótin Umsjónarmaður er Daníel Haukur Arnarson. Hann ræðir við forsvarsmann Vinstri grænna.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 21 Søndag 10.50 Aftenshowet 11.20 Reimers 12.00 Det lille hus på prærien 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Boogie Mix 13.55 Skum TV 14.10 Angora by night 14.35 Hannah Montana 15.00 Troldspejlet 15.15 Robotboy 15.30 Alle vi børn i Bulderby 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 Supernabo 18.00 Lones aber 18.30 Tvinget af tanker 19.00 TV Avisen 19.25 Horisont 19.50 SportNyt 20.00 BlackJack 21.30 OBS 21.35 Seinfeld 22.00 Skilt

NRK1

10.00 NRK nyheter 10.10 Med hjartet på rette staden 11.00 NRK nyheter 11.05 Jessica Fletcher 12.00 NRK nyheter 12.05 Barmeny 12.30 Allo, Allo! 13.00 NRK nyheter 13.03 Amigo 13.30 Keiserens nye skole 14.00 NRK nyheter 14.10 Hannah Montana 14.35 Mona Mørk 15.00 NRK nyheter 15.10 Oddasat - nyheter på samisk 15.25 Tid for tegn 15.40 Mánáid-tv - Samisk barne-tv 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Små Einsteins 16.25 Gjengen på taket 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Puls 17.55 Faktor 18.25 Redaksjon EN 18.55 Distriktsnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.35 Elskerinner 20.25 Store Studio 21.00 Kveldsnytt 21.15 Dalziel og Pascoe 22.40 Nytt på nytt 23.10 Kulturnytt

1* SVT 1

10.00 Rapport 10.05 Sportspegeln 11.10 Kyss henne! 12.40 Andra Avenyn 13.10 Gomorron Sverige 14.00 Rapport 14.05 Hannah Montana 14.30 Skrotnisse och hans vänner 14.45 Pi 15.00 Lilla prinsessan 15.10 Rorri Racerbil 15.20 Jasper Pingvin 15.30 Krokodill 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport 16.10 Regionala nyheter 16.15 Fråga doktorn 17.00 Kulturnyheterna 17.15 Regionala nyheter 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Livet i Fagervik 18.45 Toppform 19.15 Folk i bild 2008 19.30 Hockeykväll 20.00 Daddy's Love 20.50 Kulturnyheterna 21.05 Ondskan dör aldrig 22.30 Sandningar från SVT24

RÁS 2

Færiribandið

Nýr þáttur Bubba Morthens á Rás 2 í kvöld klukkan 22.07

- Fyrst og fremst fyrir fólkið í landinu

LÖGIN VIÐ VINNUNA



„Í miklu uppáhaldi hjá mér núna er diskurinn Garden of Gods með listamanninum Deuter. Allir diskarnir með honum eru pottþéttir. Róandi, slakandi og tæma hugann.“

Sigríður Guðjohnsen jógakennari

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT
2. eining, 6. frá, 8. hár, 9. fljótfærni, 11. lést, 12. urga, 14. jarðríkis, 16. samtök, 17. tæki, 18. þangað til, 20. drykkur, 21. köttur.

LÓÐRÉTT
1. kvenklæðnaður, 3. í röð, 4. aldaskil, 5. nögl, 7. fugl, 10. gerast, 13. bók, 15. lasleiki, 16. umfram, 19. vörumerki.

LAUSN
LÖBÐRÉTT: 1. sent, 3. tu, 4. aldamót, 5. kló, 7. fashan, 10. ske, 13. rít, 15. stien, 19. auk, 21. kist.
LÁRÉTT: 2. stak, 6. af, 8. ull, 9. ras, 11. dó, 12. ískra, 14. heims, 16. aa, 17. töl, 18. uns, 20. te, 21. kist.

- VEISTU SVARID
- Svör við spurningum á bls. 8
1. Gunnleifur Gunnleifsson

2. Alistair Darling

3. Kjartan Gunnarsson

FRÉTTIR AF FÓLKI



Pórhallur Gunnarsson og hans fólk hjá Ríkissjónvarpinu hefur lengt skilafrest til að senda inn næsta Eurovision-framlag til 20. október. Upphaflega var dagsetningin nú í dag. Margir leituðu til Rúv og báðu um frest enda hafa tónlistarmenn, eins og aðrir, um nóg annað að hugsa þessa dagana, en að smella saman pottþétu Eurovision-lagi. Tuttugu lög munu keppa á fjórum kvöldum og átta á lokakvöldinu. Þá verður **Páll Óskar** á sínum stað í sér þætti og mun hlusta á flutning allra Eurovision-laganna ásamt spekingum.

-drg




26FRÉTTABLAÐIÐ13. október 2008MÁNUDAGUR

Gulla hlaut fimm verðlaun í Miami



HEILSULIND
Heilsulindin sem Guðlaug hannaði er staðsett í borginni Los Cabos í Mexíkó.



Hönnuðurinn Guðlaug Jónsdóttir, sem starfar hjá stofunni Dodd Mitchell í Los Angeles, hlaut á dögunum fimm verðlaun á hönnunarhátíðinni Boutique Design 2008 í Miami.

„Ég fór fimm sinnum upp á svið og það voru allir orðnir hundleiðir á mér, held ég, en þetta var rosa gaman,“ segir Guðlaug. Þrenn verðlaunanna voru fyrir hönnun glæsihótelsins Cabo Azul og heilsulindarinnar Paz í Los Cabos í Mexíkó. Verkefnið tók eitt og hálf t ár í vinnslu og dvaldi Guðlaug í Mexíkó meðan á því stóð. Var þetta í annað sinn sem hún hlaut verðlaun fyrir verkefnið því í júní fékk hún í New York tvenn verðlaun hjá hinu virta tímariti Hospitality Design.

Næst á dagskrá hjá henni er spennandi verkefni í Kína og hlakkar hún mikið til. „Ég ætla að hanna nýtt hótél í Sjanghæ, mér skilst að það sé eina landið sem á peninga fyrir utan Dubai,“ segir hún í léttum dúr.

- fb

MEÐ VERÐLAUNIN Guðlaug Jónsdóttir með verðlaunin sem hún fékk á hönnunarhátíðinni í Miami á dögunum.



KLAUFARNIR Í ÖLLU SÍNU VELDI Þeir voru ekki að hlífa kreditkortum sínum komnir í mekka köntrisins - Nashville - og keyptu sér galla sem, miðað við þessa mynd, er hvernar krónu virði.

BIRGIR NIELSEN: VIÐ STRAUJUÐUM KORTIÐ SVO ÚR ÞVÍ RAUK

Klaufar kaupa köntrígalla fyrir milljónir í Nashville

„Já, það er búið að loka kortinu. Maður straujaði það svo úr rauk. Milljónir,“ segir Birgir Nielsen trymbill Klaufanna og er að lýsa þeim Klaufum þegar þeir versluðu sér köntrí-föt í Nashville nýlega.

Hljómsveitin Klaufar eru til þess að gera nýkomnir frá Nashville í Bandaríkjunum, mekka köntrí-tónlistarinnar, í glænýjum köntrígöllum og með nýja plötu í farteskinu sem heitir „Síðasti mjói kaninn“ – 13 laga plata. Er þetta önnur plata Klaufa en sú fyrsta, sem kom út í fyrra, var einnig tekin upp í Nashville. Birgir segir þá félagar hafa farið utan strax eftir verslunarmannahelgi og voru í þrjár vikur. „Munurinn á þessari ferð og í fyrra er að nú tókum við túristapakkann framan af ferðinni. Heimsóttum Elvis í Graceland, sem var virkilega gaman, fórum í Sun Studio í Memphis og létum andann koma yfir okkur. Þarna unnu þeir allir



BIRGIR NIELSEN OG GUÐMUNDUR ANNAS Þeir félagar í Klaufum eru komnir frá Nashville með nýja plötu í farangrinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

þessir snillingar. Johnny Cash... við erum miklir Cash menn.“

Eftir að Klaufarnir höfðu tekið púlsinn á kananum tók við linnulaus vinna í Dark Hourse Recording í Nashville. Þegar búið var að taka upp grunna komu þeir Dan Dugmoore, sem spilar á steel guitar og dobro gítar auk Glenn

Dunckham fiðlu- og banjóleikara. Engir aukvisar, menn sem hafa meðal annars spilað með Dolly Parton og Willie Nelson. „Já og öllu þessu liði. Þeir voru ánægðir að sjá félagana frá Íslandi, spila köntrí eins og það var í gamla daga. Þeir hafa áhyggjur af köntríinu og hvert stefnir því margir virðast hafa gleymt upprunanum. Sem hinir íslensku Klaufar halda í heiðri!“

Birgir segir þá Klaufa ekki vera að grínast – þeir vilja sinna þessari tónlistarstefnu og ætla að vera áberandi á Íslandi á næstunni – enda fáránlegt að gíra sig upp í köntrígalla fyrir milljónir ef menn ætla að fara með veggjum. Og nú þegar er byrjað að hljóma á útvarpsstöðvum nýtt lag frá Klaufunum, þeirra útgáfa á Sister Golden Hair sem hljómsveitin America flutti hér í eina tíð. En við texta eftir Hallgrím Helgason og heitir „Annar maður“.

jakob@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Geðlæknirinn **Páll Matthíasson** verður aðalgesturinn í nýjum útvarpsþætti **Bubba Morthens**, Færibandið, sem hefur göngu sína á Rás 2 í kvöld. Meðal annars munu þeir ræða könnun sem gerð var á hamingju fólks. Hlustendur fá að hringja inn í þáttinn og miðað við ástandið sem hefur verið í þjóðfélaginu á þessi fyrsti gestur Bubba vafalítið eftir að hitta í mark. Bubbi ætlar eingöngu að spila íslenska tónlist í þættinum en mun þó láta vera að spila eigin tónlist.



Eitt af mörgum fómálarömbum fjármálafarviðrisins sem nú geisar er fyrirtækið Spámaður.is sem hin skeleggi blaðamaður Vísis, **Elly Ármanns**, hefur haldið úti af miklum myndarbrag sem hennar er von og vísa. Spámaðurinn hefur sem sagt verið settur í þrot en jafnvel hann gat ekki séð fyrir þessar hamfarir sem urðu.



Glæpasagna-höfundurinn snjalli, **Víktor Arnar Ingólfsson**, sem margir

þekkja sem höfund Aftureldingar sem sjónvarpsþáttaserían Manna-veiðar byggðu á, er að gera það gott í Þýskalandi. Þannig hefur hinn þýski útgafandi hans, risinn Lubbe, samið sérstaklega við Air Berlin um prentun sérútgáfu af Engin spor í tíu þúsund eintökum og Air Berlin mun kynna útgáfunar og Víktor Arnar í flugriti sínu.

-fb, jbg



Súpueldhús í miðbæ Reykjavíkur í dag

„Við ætlum að byrja á 100 lítrum og sjáum svo hvað gerist,“ segir Dóra Svavarsdóttir matreiðslumeistari og einn af eigendum veitingastaðarins Á næstu grös-um, þar sem gestum og gangandi verður boðið upp á súpu og brauð milli klukkan 11.30 og 15 í dag að Laugavegi 20b. „Hugmyndin kviknaði með góðum vini okkar í Móður jörð, lífrænum ræktanda austur á Fljótsdalshéraði. Hann ætlar að koma að þessu með okkur og gera okkur kleift að

þjóða upp á góða súpu úr íslensku byggi og grænmeti. Okkur langar að gera eitthvað jákvætt, hressandi og skemmtilegt í allri þessari neikvæðu umræðu og láta fólk brosa aðeins. Við megum ekki gleyma því að við getum notið góðra stunda saman án þess að það þurfi að kosta mikið,“ segir Dóra.

Aðspurð segist hún hafa fundið fyrir minni aðsókn í ljósi slæmrar stöðu í efnahagslífinu. „Í síðustu viku hækkaði verð hjá mörg-



BYÐUR Í HÁDEGISMAT Dóra eldar 100 lítra af súpu og byður brauð með.

um birgjum um 25 prósent svo það gefur manni ekki mikið svigrúm. Þetta verður erfiður vetur fyrir okkur sem erum í rekstri, neytendur og fólk almennt og eins og staðan er núna veit enginn hvað evran kostar.

Maður tekur bara einn dag í einu og reynir að halda verði í lágmarki. Maður gæti ekki boðið upp á fría súpu alla daga, en við ætlum að gera það í dag og það eru allir velkomnir.“

-ag

Nýdönsk Turninn



NÝ DÖNSK ER KOMIN Í SKÍFUNA

Ný Dönsk er komin
í verslanir Skífunar,
splunku ný plata
og sú fyrsta í mörg ár.
Turninn er kominn..

Kringlunni

Laugavegi

Leifsstöð





Gesthús Dúna
Tveggja manna herbergi
á **kr. 5.000** nóttin
Svefnpokafláss
kr. 1.500 nóttin

Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík
Pantanir: 588-2100 / duna@islandia.is



BAKÞANKAR
Práins
Bertelssonar


Björgunar- aðgerðir

Björgunarsveitir frá Alþjóðlegu aurasálinni, Evrópusambandinu, Rússlandi, Alþjóðabankanum, Sameinuðu þjóðunum eru nú á leið til Íslands til að bjarga íslensku þjóðinni upp úr þeirri ísköldu fjárhagslegu jökulsprungu sem hún hefur komið sér í undir fararstjórn 20 til 30 manna. Einnig stefna hingað bresku freigáturnar „Hefnd“ og „Makleg málagjöld“ úr sjóher hennar háttignar Bretadrottningar undir stjórn flotamálaráðherranna Gordons Brúns og Alastair Krúttis, þeim er ætlað að tína saman óskemmdan farangur leiðangursmanna, gera hann upptækan og skila honum í hendur réttra eigenda í Bretlandi.

ALÞJÓÐLEGIR fjölmiðlar hafa sótt mjög hingað til lands að undanförunu til að fylgjast með yfirlýsingum íslenskra ráðamanna á gjárbarminum. Þeir standa á því fastar en fótunum að a) það sé engum að kenna nema alþjóðlegum segulmisvísunum að fólkið lenti í jökulsprungunni; b) að það séu ekki til betri menn til að stjórna hjálparstarfinu en einmitt þeir sem slysinu ollu með strákslegum glannaskap; c) sérstaklega að þeir treysti sér vel í hjálparstarfið einkum í samstarfi við þá aðila Seðlaferða sem tryggðu þetta ferðalag og báru ábyrgð á að öryggismál væru í lagi.

EKKI er víst að framboð Íslands í öryggisráð Sameinada Alþaklúbbsins bíði hnekki við þetta. Samt þykir mörgum blaðamönnum undarlegt hvernig fjallamennska er stunduð á Íslandi. Fólk fer í fjallaferðir á risajöppum en tekur ekki með sér öryggisútbúnað eins og kaðla, hlífðarföt og ísaxir.

ÁSTANDIÐ á slysstað er nú þannig að ofan í sprungunni er nú öll íslenska þjóðin nema eigendur ferðaskrifstofanna sem skipulögðu ferðina, en þeir flugu í árið-andi erindagerðum til sólarlanda á einkaþotum. Algjör samstaða mun ríkja meðal íslenskra ferðamanna sem á gjárbarminum standa og halda blaðamannafundi að ekki komi til greina að leyfa alþjóðastofnunum eða Evrópusambandinu að draga þjóðina upp úr sprungunni. Þá yrðum við að undirgangast ferðareglur þessara aðila, segja ráðamenn. Enda hafa útlendingar ekki vit á íslenskum aðstæðum, svo að það er best fyrir okkur að ráða þessu sjálf.



GÓÐAN DAG!
Í dag er mánudagurinn
13. október, 286. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	8.13	13.14	18.13
Akureyri	8.02	13.59	17.54

Heimild: Almanak Háskólans

FORESTER

SYMMETRICAL AWD



SUBARU



NÝR SPORTJEPPI Á FRÁBÆERU VERÐI

Nú er tækifærið að eignast Subaru Forester á góðu verði. Forester hefur meiri veghæð (21,5cm) og meira rými en sambærilegir bílar. Hann er nýtskulegur í útliti og hlaðinn búnaði sem gerir hann einstakan. Hann er Subaru og því bílar hann sjaldnar en flestir bílar. Því segjum við – Nýr Forester sportjeppi er YFIRBURÐA BÍLL

Sjálfvirk hleðslujöfnun

Subaru FORESTER er með sjálfvirka hleðslujöfnun á afturfjórðum sem tryggir að hann stendur réttur þrátt fyrir töluverða hleðslu. Þessi jöfnun á þyngdarbreifingu auðveldar stjórnun og gerir bílinn öruggari í akstri.





ÖRUGG Í SUBARU

Við trúum því að fyrir fjölnotabil eins og FORESTER sé sítengt aldrið öruggasti kosturinn. Með VDC öryggiskerfinu dreifir hann aflinu jafnt og örugglega til hjóla sem veita hámarksgrip og öryggi við stjórnun.

- Subaru Forester er auk þess búinn 6 SRS loftpúðum og með ISO-FIX festingar fyrir barnabílastóla.

Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Öseyri 5, 464 7940
Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521



INGVAR HELGASON